

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 28. desember 2012 í máli nr. S-1906/2011:**

### **Ákærvaldið**

*(Hólmsteinn Gauti Sigurðsson saksóknari)*

**gegn**

### **Lárusi Welding og**

*(Óttar Pálsson hrl.)*

### **Guðmundi Hjaltasyni**

*(Pórður Bogason hrl.)*

Mál þetta, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð 10. desember sl., er höfðað af Embætti sérstaks saksóknara með ákæru 14. desember 2011 og framhaldsákæru 28. febrúar 2012 á hendur Lárusi Welding, kt. 000000-0000, búsettum í Bretlandi, og Guðmundi Hjaltasyni, kt. 000000-0000, Lálandi 7, Reykjavík, fyrir umboðssvik, með því að hafa, 8. febrúar 2008, í störfum sínum, Lárus sem forstjóri og Guðmundur sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis banka hf., kt. 000000-0000, báðir meðlimir í áhættunefnd bankans, misnotað aðstöðu sína og stefnt fé bankans í stórfellda hættu með lánveitingu bankans til Milestone ehf., kt. 000000-0000, í formi peningamarkaðsláns að fjárhæð 102.162.470,12 evra, sem samsvaraði 10.019.073.445 krónum á sölugengi evru á útborgunardegi, án trygginga eða ábyrgða og andstætt almennum reglum Glitnis banka hf. um lánveitingar og markaðsáhættu um hámark heildarlánveitinga til einstaks aðila og aðila honum tengdum. Lánið átti að endurgreiða í einu lagi 11. febrúar 2008 ásamt 7,55 % ársvöxtum. Ákærðu samþykktu lánveitinguna utan funda áhættunefndar og rituðu undir lánssamninginn fyrir hönd Glitnis banka hf. Á þessum tíma var Milestone ehf. skilgreint í áhættumatsflokk 4 samkvæmt áðurnefndum reglum sem fól í sér að ákærðu, sem meðlimir áhættunefndar, gátu einungis heimilað lánveitingar til félagasamstæðu Milestone ehf., er rúmuðust, ásamt eldri lánnum samstæðunnar, innan 17% af eigin fé (CAD) Glitnis banka hf. sem var á þeim tíma 225,576 milljarðar króna. Með ákvörðun sinni um lánveitinguna fóru ákærðu út fyrir heimildir sínar þannig að heildarlánveitingar félagasamstæðu Milestone ehf. fóru úr 32,4 í 42,4 milljarða króna eða úr 14,36% í 18,80% af eigin fé (CAD) bankans og þar með um 4,1 milljarð króna umfram heimildir.

Í samræmi við ákvörðun ákærðu var lánsfjárhæðinni ráðstafað 8. febrúar 2008 inn á evru reikning Milestone ehf. númer 515-38-71052 hjá Glitni banka hf. Milestone ehf. ráðstafaði sama dag andvirði lánsins til greiðslu á láni Þáttar International ehf. hjá Morgan Stanley bankanum, sem hafði verið gjaldfellt og þurfti að greiða fyrir klukkan 15:00 þennan sama dag, en Þáttur International var einkahlutafélag innan félagsamstæðu Milestone ehf.

Hinn 11. febrúar 2008 millifærði Glitnir banki hf. 102.162.470,12 evra inn á bankareikning Milestone ehf. hjá bankanum og daginn eftir millifærði bankinn sömu fjárhæð til baka. Um var að ræða andvirði láns sem Glitnir banki hf. veitti Vafningi ehf., kt. 000000-0000, án trygginga, en lánið var 103.718.244 evrur að meðtöldum lántökukostnaði. Hinn 29. febrúar 2008 greiddi Svartháfur ehf., kt. 000000-0000, til Vafnings ehf. 50 milljónir evra, sem voru fjármunir sem félagið fékk að láni frá Glitni banka hf. og var fjárhæðin færð til lækkunar á láni bankans til Vafnings ehf. frá 11. febrúar 2008. Eftirstöðvar lánsins að nafnvirði 53.718.244 evra hafa ekki verið endurheimtar frá Vafningi ehf. Þeirri stórfelldu fjártjónshættu sem ákærðu sköpuðu Glitni banka hf. með lánveitingunni 8. febrúar 2008 var því ekki afstýrt með þeirri ráðstöfun að færa skuldbindinguna yfir á Vafning ehf. 11. febrúar 2008.

Er háttsemi ákærðu talin varða við ákvæði 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu krefjast sýknu og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins 25. mars 2009 var ætluðum brotum stjórnenda Sjóvá-Almennra trygginga hf. og félögum því tengdu, vísað til Embættis sérstaks saksóknara til rannsóknar. Var vísað til þess að grunur beindist að brotum gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940, lögum um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 og lögum um hlutafélög nr. 2/1995. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júlí 2009 var Embætti sérstaks saksóknara heimiluð húsleit að Kringlunni 5 í Reykjavík, starfsstöð Sjóvá-Almennra trygginga hf. og fleiri fyrirtækja. Embætti sérstaks saksóknara framkvæmdi húsleit að Kringlunni 5 þann 7. júlí 2009. Var lagt hald á umtalsvert magn skjallegra gagna, auk þess sem rafræn gögn voru haldlögð. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu frá 15. október 2011 var á árinu 2011 tekin ákvörðun um að kljúfa mál tengd því sakarefni sem mál þetta varðar frá fyrirliggjandi rannsókn og gefa því sjálfstætt númer. Hafi það verið gert með það að markmiði að auðvelda rannsókn málsins og framsetningu þess.

Samkvæmt gögnum málsins var þriðjudaginn 5. febrúar 2008 haldinn fundur í áhættunefnd Glitnis banka hf. Samkvæmt fundargerð voru ákærðu báðir mættir á þann fund, ásamt öðrum nefndarmönnum og ritara nefndarinnar. Á dagskrá fundarins voru málefni tengd Þætti International ehf. Í fundargerð kemur meðal annars fram að Þáttur International ehf. sé með lán vegna fjármögnunar á

hlutum í Glitni banka hf., hjá Morgan Stanley og að Racon, eigandi Invik AB sé með brúarfjármögnun vegna kaupa á Invik AB. Bæði lánin séu í uppnámi um þessar mundir. Lán að fjárhæð 158 milljónir evra sé með veði í 7% hlut í Glitni banka hf. Hafi Morgan Stanley krafist þess að lánið verði greitt upp eigi síðar en 8. febrúar nk. Lánsfjárhæð til greiðslu sé 100 milljónir evra. Milestone ehf. og tengdir aðilar hafi lagt fram innborgun að fjárhæð 58 milljónir evra. Í fundargerð kemur fram að þar sem um knappan tíma sé að ræða sé lagt til að byrjað sé á því að leysa hlut er varði lánið að fjárhæð 158 milljónir evra. Hugmyndin gangi út á að 58 milljónir evra frá Milestone ehf. verði notað til að greiða niður lán Morgan Stanley, sem þá standi í 100 milljónum evra. Glitnir banki hf. fjármagni það til 31. mars. Á móti þessu láni leggi Banque Invik og Moderna Invik fram innborgun til Glitnis banka hf. að fjárhæð 100 milljónir evra. Þetta þýði að lánið sé „cash neutral“. Til óstofnaðs félags/Þáttar International ehf. renni einungis um 50 milljónir evra af bréfunum þar sem Morgan Stanley hafi krafist þess að þeir hafi áfram hluti í Glitni banka hf. að verðmæti um 100 milljónir evra að veði þar til lán tengt Racon hafi verið greitt upp. Niðurstaða var að málinu skyldi frestað. Með fundargerð fundarins fylgdi skjal er ber yfirskriftina Lánamál Áhættunefnd og er það dagsett 5. febrúar 2008. Fram kemur að unnið hafi að málinu Halldór Halldórsson og Guðný Sigurðardóttir. Í skjalinu er að finna umfjöllun af sambærilegum toga og færð er í fundargerð áhættunefndar. Að auki er þess getið að Þáttur International ehf. sé ekki í samstæðuuppgjöri fyrir Milestone ehf. árið 2007. Þá er gerð grein fyrir eignarhaldi á Þætti International ehf. Fram kemur að það sé þannig að SJ2 ehf. eigi 48,80%, en SJ2 ehf. sé að öllu leyti í eigu Sjóvá-Almennra trygginga hf., 39,10% sé í eigu Skeggja ehf. og 12,10% í eigu Máttar ehf. Þá er fjallað um svonefnt brúarlán og svonefnt „lock up“ ákvæði, en félög sem muni eiga 7% hlutinn í Glitni banka hf. muni þurfa að rita undir „lock up“ ákvæði þar sem fram komi að óheimilt sé að selja hluti í Glitni banka hf. fram til október 2008. Þá er vikið að aukinni tryggingatöku vegna Milestone ehf. samstæðunnar. Fram kemur að sértæku handveði í 66% hlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf., sem bankinn sé með vegna láns til Milestone ehf. verði breytt í allsherjarveð og muni það tryggja allar skuldbindingar félaganna Milestone ehf., Askar Capital hf. og Avant hf. Þá kemur fram að Milestone ehf. hafi leitað til erlendra banka um fjármögnun á láni til Morgan Stanley en ekki sé hægt að gefa sér að það gangi eftir. Fyrirsvarsmenn Milestone ehf. muni í vikunni hitta tilgreinda aðila til að ræða hvort þeir séu tilbúnir til að halda áfram með fjármögnun að fjárhæð 50 milljónir evra annað hvort gagnvart Racon eða fjármögnun gagnvart hlutum í Glitni banka hf. Fram kemur að gagnvart „exposure“ á Milestone ehf. samstæðuna þá geti þær ráðstafanir sem um sé rætt þýtt 17 milljarða króna hækkun sem sé hærra en rúmist innan reglna Fjármálaeftirlitsins. Því þurfi að nota næstu daga mjög vel til að finna hvernig hægt sé að lækka heildarmyndina svo sem með arðgreiðslu frá Invik AB. og sölu á turninum í Kína. Í skjalinu kemur fram yfirlit um samstæðumörk Milestone ehf. félagasamstæðunnar miðað við móðurfélagið og dótturfélög. Í niðurstöðu kemur fram að samtals nemi lánveitingar til móðurfélagsins og dótturfélaga í heildina 32.372.000.000 króna.

Næsta dag, eða miðvikudaginn 6. febrúar 2008, var aftur haldinn fundur í áhættunefnd Glitnis banka hf. Samkvæmt fundargerð var ákærði, Guðmundur Hjaltason, mættur á þann fund, en ákærði, Lárus Welding, skráður fjarstaddur. Á meðal fundarefna voru aftur lán tengd Þætti International ehf. Er sama bókun færð í fundargerð og á fyrri fundi varðandi fundarefnið. Var niðurstaða fundarins að samþykkt var að afgreiða málið eins og það var fært til bókar á síðasta fundi. Var

samþykki háð þeirri forsendu að fjármögnun gengi eftir og bókað að Alexander Guðmundsson fjármálastjóri Glitnis banka hf. væri enn að skoða það. Var áhættuflokkur 7 settur á hið óstofnaða félag eða Þátt International ehf.

Á meðal rannsóknargagna málsins eru láns skjöl dagsett 8. febrúar 2008 þar sem Vafningur ehf. er skráður lántaki og Glitnir banki hf. lánveitandi. Er lánsfjárhæð 103.718.244 evrur. Er samningurinn á 17 blaðsíðum og hann undirritaður af Guðmundi Ólasyni framkvæmdastjóra fyrir hönd Vafnings ehf. og ákærðu fyrir hönd Glitnis banka hf. Þá fylgir þeim samningi skjal er ber yfirskriftina „Share Pledge Agreement“, sem er veðsamningur á milli SJ2 ehf, Skeggja ehf., BNT hf., Hafsilfurs ehf. og Hrómundar ehf. sem veðsala og Glitnis banka hf. sem banka. Samkvæmt samningi setja veðsalar hluti sína í Vafningi ehf. að veði fyrir greiðslu á láni Glitnis banka hf. til Vafnings ehf. Undir skjal þetta rita ákærðu fyrir hönd Glitnis banka hf., Guðmundur Ólason fyrir hönd SJ2 ehf. og Skeggja ehf. en Bjarni Benediktsson fyrir hönd BNT hf., Hrómundar ehf., Skeggja ehf. og Hafsilfurs ehf.

Þá er á meðal gagna málsins skjal er ber yfirskriftina „Notice of Drawing“ eða ádráttarbeiðni, eins og það hefur verið nefnt. Á skjal þetta er fært að skjalinu sé beint til Glitnis banka hf. Fram koma, í stöðluðum texta, upplýsingar um hvenær sé dregið á lánið, fjárhæð þess og gjaldmiðill, vaxtakjör og greiðslufyrirmæli. Á skjal þetta er ritað eigin hendi upplýsingar um þessi atriði. Er lánsfjárhæðin 103.118.244 evrur færð inn en strik dregið yfir fjárhæðina og yfir hana færð lánsfjárhæðin 102.162.470,12 evrur. Fært er að Milestone ehf. sé skuldari og færslan: „Pm lán í EUR over night“. Greiðslufyrirmæli eru rituð eigin hendi á skjalið. Ádráttardagur lánsins er tilgreindur 8. febrúar 2008. Undir skjalið ritar Guðmundur Ólason fyrir hönd Milestone ehf. og ákærðu fyrir hönd Glitnis banka hf.

Í gögnum málsins er staðfesting á lánveitingu Glitnis banka hf. til Milestone ehf. frá 8. febrúar 2008 þar sem bankinn staðfestir að þann dag kl. 15.11 hafi bankinn veitt peningamarkaðslán til Milestone ehf. að fjárhæð 102.162.470,12 evrur. Fram kemur að fjárhæðin hafi verið lögð inn á reikning nr. 0515387100521. Þá er í gögnum málsins afrit af skuldfærsluskjali dagsettu 8. febrúar 2008 þar sem Glitnir banki hf. staðfestir gagnvart Milestone ehf. að 102.162.470,12 evrur hafi þann dag verið færðar inn á reikning Morgan Stanley í tilgreindum banka í París í Frakklandi. Í útgreiðsluskjali frá Glitni banka hf. 11. febrúar 2008 fram kemur að bankinn hafi greitt inn á reikning Vafnings ehf. 103.718.244,00 evrur. Tekið er fram að bankinn hafi handveð í öllum hlutum í Vafningi ehf.

Á meðal rannsóknargagna málsins eru almennar reglur Glitnis banka hf. um útlán og markaðsáhættu. Í 1. kafla reglnanna segir að Glitnir banki hf. hafi að markmiði að auka arðsemi hluthafa og hlutafé, með skilvirkri áhættustjórnun og varfærinni útlánastefnu. Jafnframt segir að lánaákvæðanir skuli byggja á ítarlegu mati á eðlislægri útlánaáhættu, varfærum ráðstöfunum til að draga úr lánaáhættu og áhættumiðuðum kjörum. Í kafla 2 kemur meðal annars fram að lánaáhætta gagnvart einstöku efnahagssviði skuli ekki fara fram yfir 35% af útlánasafni bankans á samstæðugrundvelli. Skuli bankinn leitast við að takmarka stórar útlánaáhættur, sem nemi meira en 10% af reglubundnu eiginfjárlutfalli (CAD vegið eigið fé). Þannig megi engin einstök langtímaútlánaáhætta vera hærri en 20% af CAD vegnu eiginfjárlutfalli Glitnis á samstæðugrundvelli. Langtímamörk fyrir einstaka stóra lánaáhættu skuli takmarkast við viðskiptavini sem séu í

áhættuflokkum 1-5 miðað við áhættumatslíkan bankans. Síðar segir að allar ákvarðanir um útlánaáhættu og/eða markaðsáhættu skuli byggðar á formlegu áhættumati á viðskiptavininum og fjárhagsstöðu hans, útlánasögu og öðrum viðeigandi upplýsingum. Samkvæmt kafla 3 sjái stjórn um og fylgist með útlánastarfsemi bankans á samstæðugrundvelli og sé ábyrg gagnvart hluthöfum hvað varði útlánaáhættu, markaðsáhættu og aðrar mótaðilaáhættur. Gefi stjórn út almennar reglur um útlán og markaðsáhættu, sem og reglur um lánapasskilmála og endanlegar afskriftir. Gefi stjórn út viðskiptamörk fyrir áhættunefndir og útlánanefndir byggt á tillögum áhættunefndar. Veiti stjórn heimildarmörk fyrir áhættunefnd og ákveði útlánaheimild fyrir viðskiptavini sem fari fram yfir mörk áhættunefndar. Áhættunefnd sé skipuð af framkvæmdastjóra. Beri áhættunefnd ábyrgð á stjórnun og eftirliti með allri útlánaáhættu og markaðsáhættu. Í kafla 4 um heimildarmörk segir að áhættunefnd og útlánanefndir hafi heimild til að samþykkja lánveitingar og markaðsáhættumál samkvæmt töflu í kaflanum. Geti áhættunefnd þó ákveðið og/eða lækkað hámarksheimildarmörk fyrir nefndir sínar. Eftirfarandi séu hámarksheimildarmörk sem stjórn hafi samþykkt. Í reglunum er í framhaldi markatafla fyrir áhættustýringu og útlánanefndir þar sem lántökum er skipað í flokka frá 1 til 10. Fyrir lántaka í áhættuflokki 4 getur áhættunefnd heimilað lán sem er innan við 17% af eigin fé bankans, útlánanefnd fyrirtækja 10% af eigin fé, norræna útlánanefndin 5% og íslenska útlánanefndin 3%. Fram kemur að ákvörðunum varðandi tengda aðila sem séu umfram 15% af eiginfjárhlutfalli bankans skuli vísað til stjórnar. Mörk áhættunefndar skuli tvöfaldast fyrir skuldbindingar sem nemi 20% af vegnu eigin fé og þrefaldast fyrir skuldbindingar með 0% eiginfjárvægi. Í kafla 7 um viðurlög kemur fram að stjórn leggi ríka áherslu á að reglunum sé fylgt og líti á það sem algert forgangsatríði að allir starfsmenn hlíti þeim. Brot á reglum varði áminningu og geti leitt til brottresturs. Séu reglurnar gefnar út samkvæmt lögum nr. 161/2000 um viðskiptabanka. Reglurnar eru þannig samþykktar í stjórn 2. október 2007. Undir þær rita þáverandi stjórnarmenn í bankanum.

Samkvæmt kafla 3.1 í útlána-handbók Glitnis banka hf. frá árinu 2007, sem fram kemur að sé í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, ber stjórn endanlega ábyrgð á umsjón og eftirliti með útlánastarfsemi Glitnis banka hf. á samstæðugrundvelli og er ábyrg gagnvart hluthöfum um alla efnislega áhættu innan Glitnis banka hf., þar á meðal útlánaáhættu. Í kafla 4.4 um heimildarmörk, kemur fram samsvarandi tafla og í almennum reglum Glitnis banka hf. um útlán og markaðsáhættu varðandi heimildarmörk miðað við áhættuflokk lántaka. Fram kemur að mörkin séu byggð á áhættuflokkum viðskiptamanna og séu mörkin tilgreind sem hlutfall af CAD eða eigin fé. Með samsvarandi hætti og í almennum reglum um útlán og markaðsáhættu sé áhættunefnd bankans heimilt að lána viðskiptavini í áhættumatsflokk 4 allt að 17% af eigin fé Glitnis banka hf. Önnur og lægri mörk eigi við um aðra þá sem hafi úthlutunarheimildir innan bankans. Í kafla 4.5 kemur fram að hver viðskiptavinur fái sín mörk á grundvelli samstæðuútlánaáhættu innan Glitnis banka hf. sem og fjárhagslega tengdra aðila viðskiptavinar. Sýni viðskiptamörk heildarmörk þau sem veitt séu viðskiptavini. Skuli viðskiptamörkin taka til heildarskuldbindinga viðskiptavinar ásamt fjárhagslegum tengdum aðilum, þó setja beri sérgreind viðskiptamörk fyrir hvern tengdan aðila. Samanlagðar skuldbindingar þeirra megi ekki fara umfram heildarviðskiptamörk. Í kafla 5.2 kemur fram að stjórn hafi endanlegt vald varðandi lánveitingar og mótaðilaáhættu. Hafi stjórn umsjón með og beri ábyrgð á að fylgst sé með útlánastarfsemi Glitnis banka hf. á samstæðugrundvelli og beri ábyrgð

gagnvart hluthöfum og eftirlitsaðilum. Stjórn hafi endanlegt ákvörðunarvald í Glitni banka hf. um lánveitingaákvörðanir sem séu umfram mörk áhættunefndar. Samkvæmt kafla 5.3 um áhættunefnd, setur áhættunefnd viðskiptamörk fyrir viðskiptavinum Glitnis banka hf. í samræmi við samþykkt heimildarmörk. Allar ákvörðanir skuli færa í fundargerð. Þegar þess sé sérstök þörf geti nefndin tekið ákvörðanir um mál milli reglulegra funda.

Samkvæmt handbók Íslandsbanka hf. um lánamál, frá árinu 2004, eru peningamarkaðslán ein tegund útlána. Veita slík lán miðlara heimild til þess að lána viðkomandi viðskiptamanni skammtímalán, til allt að 6 mánaða, á kjörum sem ráðist af markaðsaðstæðum hverju sinni, þó þannig að heildarupphæð slíkra lána fari aldrei hærra en skráð peningamarkaðslánamörk. Standi peningamarkaðslán aðeins viðskiptavinum í áhættuflokkum 1 til 4 til boða. Þó sé heimilt að lána viðskiptavinum í hærri áhættuflokki með samþykki áhættu- eða lánanefndar.

Milestone ehf. gaf út handveðsyfirlýsingu, allsherjarveð, 28. febrúar 2007, til Glitnis banka hf. Var yfirlýsingin gefin út til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og öðrum fjárskuldbindingum Milestone ehf., þá eða síðar við Glitni banka hf., og voru bankanum sett að handveði hlutabréf SJ2 ehf. í Teymi hf., að nafnverði 310.186.766 krónur, sem varðveitt voru á tilgreindum vörslureikningi SJ2 ehf. hjá Glitni banka hf. Þá gaf Milestone ehf. út handveðsyfirlýsingu, allsherjarveð, 8. febrúar 2008, til Glitnis banka hf. Var yfirlýsingin gefin út til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og öðrum fjárskuldbindingum Milestone ehf., Askar Capital hf. og Avant hf. þá eða síðar við Glitni banka hf. og voru bankanum sett að handveði hlutabréf í Sjóvá- Almennum tryggingum hf. að nafnverði 349.999.999 krónur. Væru hlutabréfin eign Milestone ehf. og varðveitt á tilgreindum VS-reikningi í umsjón Glitnis banka hf.

Ákærði, Lárus Welding, gaf skýrslu við rannsókn málsins hjá lögreglu og við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Kvaðst hann hafa tekið við starfi í Glitni banka hf. sem forstjóri 1. maí 2007. Sú lánveiting er væri ákæruefni málsins hafi komið til vegna endurfjármögnunar á láni Þáttar International ehf. hjá Morgan Stanley fjárfestingarbankanum. Nefnd lánveiting Morgan Stanley til Þáttar International ehf. hafi verið veitt í febrúar 2007, eða 3 mánuðum fyrir komu ákærða að Glitni banka hf. Samkvæmt gögnum málsins hafi þessi fjármögnun upphaflega verið hugsuð af Morgan Stanley til 3ja ára eða til febrúar 2010. Þegar ákærði hafi hafið störf í Glitni banka hf. hafi lánveitingar til Milestone samstæðunnar staðið í um 32.5 milljörðum króna. Frá maí 2007 til 5. febrúar 2008 hafi málefni Milestone einungis komið þrisvar sinnum til umræðu hjá áhættunefnd Glitnis banka hf., þar sem ákærði hafi átt sæti. Hafi það verið tvisvar sinnum í júlí 2007 vegna framlenginga og tilfærslu á viðskiptamörkum og síðan í október 2007, þegar mörk hafi verið hækkuð vegna ábyrgðar í tengslum við frágang á kaupum Milestone á Invik AB í Svíþjóð en þau kaup hafi Morgan Stanley fjármagnað að stórum hluta. Afskipti ákærða og persónuleg samskipti við fyrirsvarsmenn Milestone ehf. hafi á stuttum tíma ákærða hjá Glitni banka hf. verið mjög takmörkuð.

Aðkoma ákærða að lánveitingu þeirri er sé ákæruefni málsins hafi fyrst orðið í kjölfar samtals ákærða við tengiliði Glitnis banka hf. hjá Morgan Stanley í lok janúar 2008, en Morgan Stanley hafi verið sá fjárfestingabanki sem Glitnir

banki hf. hafi einna mest unnið með í tengslum við fjármögnun og á þeim tíma verið einn af ráðgjöfum bankans í stóru verkefni vegna fyrirhugaðrar skráningar Glitnis banka hf. á hlutabréfamarkað í Noregi. Í samtali við nefndan einstakling hafi komið í ljós að innan Morgan Stanley hefðu verið gefin þau fyrirmæli að draga almennt úr áhættu en flestir bandarískir fjárfestingabankar hafi á þeim tíma verið undir þrýstingi sökum svonefndrar „undirmálslánakrísu“ í Bandaríkjunum og fljótlega eftir þennan tíma eða í mars 2008 hafi fjárfestingabankinn Bear Stearns verið tekinn yfir af JP Morgan bankanum. Starfsmenn Morgan Stanley hafi lýst yfir áhyggjum af því að hægt gengi hjá Þætti International ehf. að endurfjármagna lán sitt og fulltrúum bankans verið fyrirskipað að nýta ýtrustu gjaldfellingarheimild lánsins í samræmi við breytta stefnu bankans. Tölvupóstsamskipti sem fram hafi farið 31. janúar og 3. febrúar 2008 er fram komi í gögnum málsins séu send þegar mál þetta hafi farið af stað.

Rætt hafi verið opinskátt hversu gríðarlega neikvæð áhrif gjaldfall Milestone ehf. samstæðunnar myndi hafa á fjármögnunarmöguleika Glitnis banka hf. og þau verkefni sem verið væri að vinna að með Morgan Stanley. Fjármögnun Glitnis banka hf. og allra íslensku bankanna hafi á þeim tíma verið háð erlendum fjárfestum eða skammtíma lánveitendum og það verið ljóst að allar neikvæðar fréttir varðandi Ísland, íslensk fjármála fyrirtæki eða fjárfestingarfélag, hefðu mikil áhrif á möguleika Glitnis banka hf. til endurfjármögnunar. Það hefðu ákærði, Alexander Guðmundsson fjármálastjóri Glitnis banka hf. og allt fjármögnunarteymi Glitnis banka hf. fengið að reyna fyrr eða í janúar mánuði 2008 þegar neikvæðar fréttir af nauðasamningum Gnúps fjárfestingarfélags hefðu átt stóran þátt í því að Glitnir banki hf. hafi þurft að hætta við skuldabréfaútbod í samstarfi við JP Morgan sem hafi verið miðað að fjárfestum í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu. Þó hafi Gnúpur fjárfestingarfélag verið lítið fjárfestingarfélag og bundið við Ísland í samanburði við Milestone ehf. samstæðuna sem hafi verið margfalt stærra og í raun eitt stærsta íslenska fjárfestingarfélagið. Gjaldfelling á Milestone ehf. samstæðuna, sem haft hafi um 70 milljarða króna í eigið fé og tæpa 400 milljarða af eignum, sem numið hafi þá um 30% af vergri landsframleiðslu Íslands, hefði haft gríðarlega neikvæð áhrif á Glitni banka hf. og allt íslenska fjármálakerfið. Fjármögnunarskipan Milestone ehf. samstæðunnar hafi í raun verið líkt banka, þannig að eitt gjaldfellt lán hefði sett stærstan hluta af fjármögnun samstæðunnar í uppnám og skapað mikið vandamál varðandi lausafé. Undirliggjandi eignir Milestone ehf. samstæðunnar hafi að mestum hluta verið í eftirlitsskyldum fjármála fyrirtækjum en virði þeirra sé sérstaklega viðkvæmt fyrir snöggum breytingum á skilgreindum fjárhagslegum styrk eigenda sinna. Því hafi verið ljóst á þessum tíma að skyndileg sala Milestone ehf. samstæðunnar á eignum sínum hefði haft mjög neikvæð áhrif á endurgreiðslugetu þeirra. Þetta hafi skilanevnd Glitnis banka hf. fengið að reyna um áramótin 2008 til 2009 en þá hafi hún neyðst til að selja öll hlutabréf í FIM eignastýringafyrirtækinu í Finnlandi, dótturfélagi Glitnis banka hf., að kröfu finnska fjármálaeftirlitsins fyrir minna en eina milljón evra, en það fyrirtæki hafi Glitnir banki hf. keypt fyrir 300 milljónir evra í upphafi árs 2007. Það hafi verið fyrir tíð ákærða í bankanum. Það hafi verið ljóst að ákvörðun áhættunefndar bankans í febrúar 2008 hafi miðað að því að forða fyrrgreindu gjaldfalli gegn fullkomlega ásættanlegum tryggingum. Að auki hafi lánveitingin klofið á viss áhættutengsl. Hafi það verið niðurstaðan að heildartryggingarstaða Glitnis banka hf. hafi styrkst í þessum viðskiptum og þeim viðskiptum sem lokið hafi í enda febrúar 2008. Ákærði hafi aldrei átt nokkurra persónulegra hagsmuna að gæta í þessari lánveitingu eða viðskiptum Glitnis banka hf. við Milestone ehf.

samstæðuna. Hafi ákærði einungis þjónað hagsmunum Glitnis banka hf. í afgreiðslu málsins, eins og í öllum verkefnum ákærða sem forstjóri Glitnis banka hf. Hafi ákærði engin hlutabréf átt í Glitni banka hf. á tíma sem forstjóri og frá hausti 2007 hafi kaupréttir ákærða verið verðlausir.

Ákærði kvaðst hafa tekið þátt í fundi áhættunefndar 5. febrúar 2008 þar sem málefni Þáttar International ehf. hafi verið til meðferðar. Hafi átt að stofna nýtt félag til að setja lán inn í sem greiða skyldi lán Þáttar International ehf. hjá Morgan Stanley. Inn í þetta nýja félag hafi eignir átt að renna sem trygging, en um hafi verið að ræða eignina Macau, sem hafi verið bygging í Kína og Kcaj sjóðinn. Ákærði hafi ekki verið á fundi áhættunefndar næsta dag eða 6. febrúar 2008 þar sem sama mál hafi verið tekið til meðferðar. Á þessum tíma hafi lausafjárstaða bankans í erlendum gjaldeyri verið þægileg, þó svo reynt hafi verið að takmarka nýjar lánveitingar, sérstaklega í erlendri mynt. Bankinn hafi verið í sterkri stöðu sumarið 2008. Áramótin 2007 til 2008 hafi staða bankans verið nokkuð góð, en fjármagn þó í eðli sínu fljótandi. Frá lokum ársins 2007 til 8. febrúar 2008 hafi Glitnir banki hf. fengið lán frá Deutsche Bank sem gert hafi stöðu bankans sterka. Ákærði kvaðst kannast við að Alexander Guðmundsson fjármálastjóri bankans hafi 24. janúar 2008 sent út póst til yfirmanna um að takmarka útlán í erlendri mynt. Lánveiting til Vafnings ehf. hafi ekki verið ákjósanleg fyrir bankann, en miðað við þá hagsmuni sem hefðu verið í húfi hafi þótt rétt að fara út í þessa lánveitingu.

Að því er varðar atburði 8. febrúar 2008 bendi ákærði á að næstum 5 ár séu liðin frá þeim degi og því gefi að skilja að ómögulegt sé að muna nákvæmlega hvað gerst hafi þennan dag. Hafi ákærði verið á Indlandi alla vikuna í viðskiptaerindum á vegum Glitnis banka hf. en verið kallaður heim nokkrum dögum fyrir vegna fundar með bankastjórn Seðlabankans seinni part föstudagsins 8. febrúar 2008. Í rafrænni dagbók hafi ákærði séð að ásamt því að vera að undirbúa mikilvægan fund með Seðlabankanum, hafi ákærði átt óformlegan fund með stjórnarformanni Glitnis banka hf. í hádeginu þennan dag. Hið svokallaða lánamál, mál tengt lánveitingu til Vafnings ehf., hafi verið undirbúið af starfsmönnum bankans. Að þessu máli þann 8. febrúar 2008 hafi auk ákærða komið að meðákærði og Halldór Halldórsson viðskiptastjóri fyrirtækjasviðs. Ákærði kvaðst kannast við undirritun sína á lánessamningi Glitnis banka hf. og Vafnings ehf. frá 8. febrúar 2008. Ákærði kvaðst gera ráð fyrir að þeir er undirritað hafi samninginn hafi allir gert það á sama tíma. Ákærði kvaðst staðfesta undirritun sína á svonefnda ádráttarbeiðni tengt lánamálinu. Það skjal hafi sennilega verið undirritað á sama tíma og láns skjölin varðandi Vafning ehf. Hann myndi ekki eftir að hafa ritað á þetta skjal á sínum tíma og ekki áttað sig á því fyrir en honum hafi verið sýnt þetta blað við lögregluvörðslu í málinu. Ákærði kvaðst því ekki vita af hverju Milestone ehf. hafi verið veitt peningamarkaðslán þennan dag í stað þess að Vafningur ehf. fengi greitt það lán sem ritað hafi verið undir. Slíka ákvörðun hafi ákærði ekki tekið. Ákærði kvað Halldór Halldórsson viðskiptastjóra eða Rúnar Jónsson forstöðumann gjaldeyrismiðlunar ekki hafa getað tekið ákvörðun um að veita Milestone ehf. umrætt peningamarkaðslán. Óhugsandi væri að á skjalinu hafi staðið, er ákærði ritaði undir það, að veita skyldi Milestone ehf. peningamarkaðslán að greindri fjárhæð. Nokkuð stór hluti af starfi forstjóra væri að undirrita skjöl sem starfsmenn bankans legðu fyrir forstjóra, eins og aðra A-prókúruhafa bankans. Rangt væri að ákærði hafi samþykkt lánveitingu til Milestone ehf. þennan dag. Ef gögn málsins væru lesin væri ljóst að ákærði, ásamt þeim starfsmönnum bankans sem að málinu hafi komið, hafi af fullum heilindum unnið að því að framkvæma ákvörðun

áhættunefndarinnar um lánveitingu til Vafnings ehf. og vernda þar með hagsmuni bankans í hvívetna undir töluverðri tímapressu.

Ákærði, Guðmundur Hjaltason, kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis banka hf. í febrúar 2008. Á þeim tíma hafi ákærði átt sæti í áhættunefnd bankans. Ákærði kvaðst ekki hafa ritað undir lán til Milestone ehf. 8. febrúar 2008, fyrir hönd Glitnis banka hf., svo sem honum væri gefið að sök í ákæru eða á nokkurn hátt hafa brotið lánareglur Glitnis banka hf. umrætt sinn. Aðdragandi málsins væri sá að í lok janúar 2008 hafi forráðamenn Milestone ehf. komið í Glitni banka hf. og greint frá því að Morgan Stanley hafi gjaldfellt lán á Þátt International ehf. Lánið hafi þá staðið í rúmlega 100 milljónum evra. Morgan Stanley hafi lánað Þætti International ehf., en það félag hafi ekki verið í samstæðu Milestone ehf. Félagið Racon Holding AB, hafi hins vegar verið í samstæðu Milestone ehf. Milestone ehf. hafi borið ábyrgð á láni til Þáttar International ehf. og ef það lán hafi lent í vanskilum hefðu öll lán Glitnis banka hf., Morgan Stanley, Landsbanka og Straums lent í vanskilum. Milestone ehf. samstæðan hafi verið fjármálasamsteypa og sem slík verið undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins hér á landi og sambærilegra stofnana m.a. í Svíþjóð og í Lúxemborg. Vanskil hefðu haft þau áhrif að fjármálaeftirlit þessara landa hefðu efast um hæfi Milestone ehf. og jafnvel kallað til baka starfsleyfi þeirra. Vanskil Milestone ehf. hefðu haft verulegar afleiðingar í för með sér fyrir eignir félagsins og möguleiki á því að eignir félagsins myndu lækka verulega í verði við þvingaða sölu og þannig haft áhrif á útlán og veð Glitnis banka hf. Milestone ehf. og um 30 tengd félög hafi skuldað Glitni banka hf. um 32 milljarða króna á þessum tíma. Lánin hafi hækkað meðal annars vegna gengissigs, en mörg þeirra verið í erlendri mynt. Starfsmenn Glitnis banka hf. hafi því staðið frammi fyrir erfiðri ákvörðun um hvort lána ætti á þessum tíma til Vafnings ehf. eða hvort hafna ætti lánveitingu. Slíkt hafi getað haft verulegar afleiðingar í för með sér fyrir Glitni banka hf. Þegar fulltrúar Milestone ehf. hafi óskað eftir fyrirgreiðslu fyrir Þátt International ehf., hafi þeir lagt fram hugmynd að lausn málsins. Hugmyndin hafi falist í því að Sjóvá-Almennar tryggingar hf., sem hafi verið hluthafi í Þætti International ehf., legði fram eignir til tryggingar á láni frá Glitni banka hf. Hugmyndin hafi gengið út á að selja eignirnar sem fyrst og nota andvirði þeirra til endurgreiðslu láns Glitnis banka hf. til Þáttar International ehf. og/eða annars félags sem tæki lánið. Veðstaðan hafi verið mjög góð, en eignir fyrir 132,5 milljarða evra hafi verið settar að veði fyrir láni að fjárhæð 103 milljónir evra. Tölvupóstar í gögnum málsins frá 31. janúar og 3. febrúar 2008 hafi verið sendir er málið hafi farið af stað. Fulltrúar Morgan Stanley hafi haft miklar áhyggjur af stöðu málsins og ákærði meðal annars frétt það í gegnum Sigurð Arngrímsson framkvæmdastjóra hjá Morgan Stanley. Fram hafi komið í máli Sigurðar að Morgan Stanley myndi gjaldfella lán á Þátt International ehf. ef lánið yrði ekki greitt föstudaginn 8. febrúar 2008. Á þessum tíma hafi Glitni banka hf. lánað Milestone ehf. samstæðunni í heildina ríflega 32 milljarða króna. Lausafjárstaða Glitnis banka hf. í erlendum gjaldeyri hafi ekki verið þröng í febrúar 2008. Hafi það haft áhrif á lánastefnu bankans, sem hafi miðast við að nýta alla fjármuni sem best. Lán til Vafnings ehf. hafi ekki verið ákjósanleg staða fyrir Glitni banka hf., en miðað við þá hagsmuni sem hafi verið í húfi hafi verið ákveðið að lána félaginu.

Málið hafi verið unnið með hefðbundnum hætti hjá Glitni banka hf. og lagt fyrir áhættunefnd bankans 5. febrúar 2008. Ákærði hafi setið þann fund. Málið hafi ekki verið afgreitt á þeim fundi og afgreiðslu þess frestað til 6. febrúar 2008, þar

sem afgreiðsla þess hafi verið samþykkt. Ákærði hafi einnig settið þann fund. Samþykktin hafi verið samt háð því skilyrði að fjármálastjóri bankans mæti það hvort bankinn ætti nægjanlegt handbært fé til að lána félagi. Hafi ákærði haft vitneskju um að til að tryggja lánveitinguna hafi átt að renna inn í Vafning ehf. skýjakljúfur í byggingu í Macau í Kína og Kcaj sjóður. Þær eignir hafi átt að koma frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Unnt hafi verið að beina lánveitingunni beint til Þáttar International ehf. en ákveðið hafi verið af hálfu bankans að gera kröfu um að „hreint“ félag tæki lánið. Með því hafi ætlunin verið að auka tryggingu bankans þar sem engar aðrar skuldbindingar væru í félaginu. Ákærði kvaðst mest hafa verið í sambandi við Guðmund Ólason framkvæmdastjóra Milestone ehf. vegna málsins af hálfu Vafnings ehf. Unnið hafi verið að skjalagerð tengt lánveitingunni og skjöl gengið á milli aðila nokkra daga fyrir 8. febrúar 2008. Á umræddum degi hafi ákærði verið á fundi með viðskiptavini bankans kl. 9.00. Í framhaldi hafi ákærði farið á lánanefndarfund fyrirtækjalánanefndar kl. 10.00 og hitt einn starfsmann bankans í hádeginu. Að loknum fundi, eða upp úr kl. 13.00 hafi ákærði farið í fundarherbergið á 5. hæð í Glitni banka hf. Þar hafi hann hitt fyrirsvarsmenn Milestone ehf., þá Guðmund Ólason framkvæmdastjóra, Arnar Guðmundsson fjármálastjóra og Jóhannes Sigurðsson aðstoðarforstjóra og starfsmenn bankans, Davíð Inga Jónsson lögfræðing á lögfræðisviði, Guðnýju Sigurðardóttur lánastjóra á fyrirtækjasviði og Halldór Halldórsson viðskiptastjóra á fyrirtækjasviði. Fulltrúar Glitnis banka hf. hafi samið við fyrirsvarsmenn Milestone ehf. um þóknun fyrir lán til Vafnings ehf., sem ætlunin hafi verið að ganga frá þennan dag. Fyrirsvarsmenn Milestone ehf. hafi verið mjög óánægður með kjörin, en álag á vexti hafi verið mun hærra en almennt hafi verið á þeim tíma og þóknun bankans mjög há, eða 1,5 milljónir evra. Þá hafi öll ákvæði lánasamningsins verið mjög ströng gagnvart Vafningi ehf. Upp úr kl. 14.00 hafi allir samningar legið fyrir og myndi ákærði eftir að hafa kallað á meðákærða og beðið hann um að koma inn í fundarherbergið. Meðákærði hafi komið og lánasamningurinn, veðskjalið og útborgunarbeiðnin verið undirrituð. Kvaðst ákærði staðfesta undirritun sína á lánasamning á milli Glitnis banka hf. og Vafnings ehf. frá 8. febrúar 2008, sem og á ádráttarbeiðni er fylgdi lánasamningi. Á þessum sama tíma hafi Guðmundur Ólason ritað undir lánasamninginn, veðskjalið og yfirlýsingar fyrir hönd Vafnings ehf. Hafi átt eftir að undirrita veðskjal fyrir hlutabréfum í Vafningi ehf., sem svarað hafi til um 12% hlutafjár í félaginu, en fulltrúar Glitnis banka hf. hafi haft vitneskju um að Jóhannes Sigurðsson aðstoðarforstjóri hafi verið í sambandi við hluthafa og hann staðfest að skrifað yrði undir skjal þetta af umboðsmanni þeirra. Allir samningar um hið svonefnda Vafningslán hafi þá legið fyrir undirritaðir og því verið heimilt að greiða út lánsfjárhæðina. Ákærðu og fulltrúar Milestone ehf. hafi rætt saman í um 10 til 15 mínútur en þá hafi meðákærði horfið af fundinum. Ákærði hafi verið áfram í fundarherberginu í um 10 mínútur til viðbótar en í framhaldi yfirgefið fundinn. Klukkan 15.00 hafi ákærði verið mættur á fund með viðskiptavini úti í bæ.

Að kvöldi þessa dags hafi ákærði verið að svara tölvupóstum og lesa lánamál. Hafi hann meðal annars svarað tveim tölvupóstum. Hafi annar verið frá Davíð Inga Jónssyni lögfræðingi, en pósturinn hafi verið sendur fyrr um daginn. Hafi Davíð Ingi greint frá því að búið væri að skrifa undir það sem þyrfti að skrifa undir. Hafi ákærði svarað þessum pósti á þá leið að starfsmenn bankans þyrftu að tryggja að samningar er tengdust lánasamningnum kæmu í hús undirritaðir af öllum viðkomandi. Hafi ákærði augljóslega verið að vísa til veðsamnings vegna hlutabréfa í Vafningi ehf. Þá hafi ákærði svarað tölvupósti frá Alexander K. Guðmundssyni fjármálastjóra bankans. Alexander hafi verið að leita upplýsinga um

hvort hægt væri að viðhafa tiltekin viðskipti við Askar Capital hf., eitt dótturfélaga Milestone ehf., og auka þannig útlán Glitnis banka hf. til samstæðunnar. Hafi ákærði svarað þessum pósti á þann veg að ákærði hafi rætt við Guðmund Ólason framkvæmdastjóra Milestone ehf. og Benedikt Árnason, aðstoðarforstjóra Askar Capital hf. Fram hafi komið að þeir hefðu áhuga á að búa til gagnkvæm viðskipti. Hafi ákærði beðið Halldór Halldórsson viðskiptastjóra að kanna hvort bankinn hefði svigrúm til að lána Milestone samstæðunni meira fé og hvort ekki þyrfti að leggja slíka beiðni fyrir áhættunefnd bankans. Það næsta er ákærði hafi fregnað af lánveitingunni til Vafnings ehf. hafi verið er ákærði hafi verið kallaður fyrir sem vitni hjá lögreglu vegna málefna Sjóvar-Almennra trygginga hf. Það hafi verið í mars og maí 2010. Gögn málsins beri augljóslega með sér að einhver þau vandkvæði hafi komið upp við útborgun lánsins til Vafnings ehf. að reikningar Milestone ehf. hafi verið notaðir til útborgunar á láni til Vafnings ehf. Ákærði kvaðst telja í dag að Glitni banka hf. hafi verið heimilt að lána Milestone ehf. lán að fjárhæð 102.162.470,12 evrur þannig að ekki færi gegn almennum reglum Glitnis banka hf. um lánveitingar og markaðsáhættu. Eftir að tekið hafi verið tillit til allra frádráttarliða hafi heildarlánveiting til félagasamstæðu Milestone ehf. verið innan við 17% af eigin fé Glitnis banka hf. í febrúar 2008. Um sé að ræða eftiraskoðun af hálfu ákærða. Ákærði kvaðst ekki kunna skýringu á því að á ádráttarbeiðni er fylgt hafi lánasamningi við Vafning ehf. hafi verið búið að setja Milestone ehf. sem lántaka og færa inn að um skyldi vera að ræða peningamarkaðslán. Kvaðst ákærði telja að eitthvað hlyti að hafa komið upp á í bankanum eftir að ákærði hafi verið farinn og starfmenn bankans tekið þetta upp hjá sér og útbúið lán á Milestone ehf. Ein skýring geti verið að Vafningur ehf. hafi ekki verið skráð félag í kerfum bankans og því ekki unnt að greiða lánið út á félagið fyrir kl. 15.00 þennan dag, sem hafi verið sá tími sem miðað hafi verið við að lánið þyrfti að vera búið að greiða fyrir. Peningamarkaðslánin hafi verið veitt á verðbréfasviði bankans, en ekki á fyrirtækjasviði. Ákærði kvaðst þeirrar skoðunar að Halldór Halldórsson viðskiptastjóri eða Rúnar Jónsson forstöðumaður hafi ekki haft heimild til að veita Milestone ehf. peningamarkaðslán að fjárhæð 102.162.470,12 evrur. Ákærði kvað töflu í lánamálinu þar sem fram kæmu samstæðumörk Milestone ehf. samstæðunnar hafa verið unna á fyrirtækjasviði Glitnis banka hf. Þegar slík yfirlit væru gerð fyrir Fjármálaeftirlitið kæmu þau ekki af því sviði bankans heldur einhverju öðru, sem ákærði vissi ekki hvert hafi verið.

Guðrún Gunnarsdóttir kvaðst hafa verið starfsmaður á fyrirtækjasviði Glitnis banka hf. í febrúar 2008. Ákærði, Guðmundur Hjaltason, hafi verið næsti yfirmaður hennar. Hafi hún setið í áhættunefnd Glitnis banka hf. í febrúar 2008. Hlutverk áhættunefndar hafi verið að taka afstöðu til lánveitinga. Bankinn hafi látið búa til svokölluð áhættumatslíkön sem reikni vanefndalíkur á viðskiptavin samkvæmt forskrift. Það hafi síðan verið lagt fyrir áhættunefnd til staðfestingar, eða lánanefnd eftir atvikum. Kvaðst Guðrún hafa, sem meðlimur í áhættunefnd, tekið afstöðu til lánveitingar til Vafnings ehf. þar sem viðmið fyrir lánveitingu hafi verið ákveðin. Hún hafi hins vegar ekkert komið að aðdraganda þess að lánveiting þessi hafi verið tekin fyrir í nefndinni. Hafi hún fengið málið í hendur sem nefndarmaður og tekið afstöðu til þess í framhaldi. Þekkti hún ekki til þess af hvaða ástæðum Milestone ehf. hafi verið veitt lán 8. febrúar 2008 að fjárhæð 102.162.470,12 evrur. Lánveiting af þeirri gerð hafi væntanlega þurft að fara fyrir áhættunefnd eða stjórn bankans.

Guðný Sigurðardóttir kvaðst hafa verið lánastjóri á fyrirtækjasviði Glitnis banka hf. í febrúar 2008. Hafi hún lagt svokallað lánamál Vafnings ehf. fyrir áhættunefnd Glitnis banka hf. í febrúar 2008. Hafi hún að auki gengið frá þeim samningum er málinu hafi fylgt. Ákærði, Guðmundur Hjaltason, hafi verið næsti yfirmaður Guðnýjar. Tilgangur með hinu svonefnda lánamáli hafi verið að lána Vafningi ehf. lán og allur undirbúningur málsins miðast við það. Með því láni hafi átt að greiða upp lán Þáttar International ehf. hjá Morgan Stanley, sem hafi verið komið á gjalddaga. Morgan Stanley hafi haft að veði í því láni hlutabréf í Glitni banka hf. Að hinu svonefnda lánamáli hafi auk Guðnýjar af hálfu bankans unnið Halldór Halldórsson viðskiptastjóri og Davíð Ingi Jónsson lögfræðingur. Af hálfu bankans hafi verið lögð áhersla á að lánið yrði „cash neutral“, þ.e. að svokallað nettó útlæði fjármuna fylgdi lánveitingunni. Undirbúningur að lánamálinu hafi byrjað nokkrum dögum áður en veita hafi átt lánið. Ekki þekkti Guðný hvaðan frumkvæði að málinu hafi komið. Starfsmenn bankans hafi átt fundi með fyrirsvarsmönnum Milestone ehf. vegna málsins. Ekki hefði Guðný yfirsýn yfir hver staða Milestone ehf. gagnvart bankanum hafi verið á þessum tíma. Í minnisblaði er unnið hafi verið fyrir bankann vegna lánsins hafi verið lögð áhersla á að það félag sem skráð yrði fyrir láninu stæði fyrir utan Milestone ehf. samstaðuna. Það hafi verið skilyrði af hálfu bankans. Guðný kvaðst minnst þess að hafa setið fundi áhættunefndar dagana 5. og 6. febrúar 2008. Hún myndi þó ekki eftir umræðu á fundunum. Þó myndi hún eftir umræðu um það að innlán hafi átt að koma á móti þessu láni. Hafi það að einhverju leyti gengið eftir. Guðný kvaðst ekki vita til þess að stjórn Glitnis banka hf. hafi komið að því að Milestone ehf. hafi síðan verið veitt peningamarkaðslán 8. febrúar 2008 að fjárhæð 102.162.470,12 evrur. Guðný kvaðst lítið muna eftir atburðum dagsins 8. febrúar 2008. Myndi hún þó eftir því að fundur hafi verið haldinn í bankanum þennan dag þar sem fyrirsvarsmenn Milestone ehf. hafi komið til fundarins. Að því er varðaði undirritun lánsamnings milli Glitnis banka hf. og Vafnings ehf. gæti Guðný einungis metið það svo að líklegt væri að þeir er ritað hafi undir lánsamninginn og skjöl með honum hafi gert það þennan dag. Ekki gæti hún staðfest að hafa sjálf verið viðstödd undirritunina. Að því er varðaði svonefnda ádráttarbeiðni kvaðst Guðný ekki muna eftir undirritun þess en kvaðst telja að Halldór Halldórsson viðskiptastjóri hafi fært inn á skjalið ofanvert handritaðar upplýsingar varðandi það atriði að Milestone ehf. væri skuldari og að lánið væri peningamarkaðslán. Það mæti hún út frá því að hún þekkti skrift Halldórs. Ádráttarbeiðni fylgdi lánnum á fyrirtækjasviði. Það form væri ekki notað þegar peningamarkaðslán væru veitt. Guðný kvaðst ekki muna eftir því í dag hver hafi tekið ákvörðun um að senda greiðslu samkvæmt láninu af stað þennan dag. Kvaðst hún ekki vita af hverju Milestone ehf. hafi verið lánað svonefnt peningamarkaðslán þennan dag en ekki Vafningi ehf. eins og samkvæmt þeim lánasamningi er hafi verið í undirbúningi. Þá kvaðst hún ekki muna hver hafi tekið ákvörðun um að haga þessu með þessum hætti. Kvaðst hún telja að áhættunefnd bankans hafi getað tekið ákvörðun um að lána Milestone ehf. það peningamarkaðslán er veitt hafi verið þennan dag. Á þessum tíma hafi mikið verið unnið í bankanum og Guðný haft mörg mál á sinni könnu. Myndi hún því ekki eftir málinu sem slíku en hún hafi oft tekið saman í starfi sínu lista yfir atriði er þyrfti að huga að, svonefnda minnislista. Væri einn slíkur í tölvupósti sem hún hafi sent 10. febrúar 2008 kl. 22.41 og væri ekki annað að sjá en að hann tengdist málinu.

Halldór Halldórsson kvaðst hafa starfað sem viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði í Glitni banka hf. í febrúar 2008. Ákærði, Guðmundur Hjaltason,

hafi verið næsti yfirmaður Halldórs í febrúar 2008. Í starfi Halldórs hafi falist að sinna tilteknum viðskiptavinum Glitnis banka hf. og hafi Halldór verið viðskiptastjóri gagnvart Milestone ehf. Kvaðst Halldór muna eftir því að Þáttur International ehf. hafi verið með lán hjá Morgan Stanley sem þurft hafi að greiða upp ekki síðar en á föstudeginum 8. febrúar 2008. Uppnám hafi verið vegna þessa þar sem veð í því láni hafi verið hlutabréf í Glitni banka hf. Hagsmunir Glitnis banka hf. af málinu hafi þannig tengst því. Tölvupóstur hafi gengið á milli þeirra sem komið hafi að málinu 31. janúar og 3. febrúar 2008. Margir fundir hafi verið haldnir vegna málsins, bæði í bankanum og í höfuðstöðvum Milestone ehf. Hafi Halldór setið einhverja þessara funda. Að málinu hafi komið af hálfu bankans Halldór sjálfur, ákærði Guðmundur Hjaltason, Guðný Sigurðardóttir lánastjóri og af hálfu Milestone ehf. Guðmundur Ólason framkvæmdastjóri. Ekki myndi Halldór eftir því hvort ákærði, Lárus Welding, hafi setið einhverja þessara funda. Á þessum tíma hafi Glitnir banki hf. búið við það að lítið hafi verið til af erlendum gjaldeyri í bankanum. Af þeirri ástæðu hafi lánveitingar verið miðaðar við það að viðskiptavinir kæmu með innlán á móti útlánum. Halldór kvað hið svonefnda lánamál Vafnings ehf. hafa þróast yfir ákveðinn tíma. Ekki myndi Halldór ástæðu þess að ákveðið hafi verið að veita lán til endurgreiðslu á láni Morgan Stanley inn í óstofnað félag. Þá kvaðst Halldór ekki þora að fullyrða hvort lána hafi mátt Milestone ehf. samstæðunni meira fé á þessum tíma, eða í febrúar 2008. Hafi hann ekki þekkt vel lausafjárstöðu bankans á þessum tíma. Halldór kvaðst hafa tekið þátt í fundum áhættunefndar bankans dagana 5. og 6. febrúar 2008. Ekki myndi hann þó í dag eftir einstökum atriðum tengt lánveitingunni.

Að því er varðaði atburði föstudagsins 8. febrúar 2008 kvaðst Halldór muna óljóst eftir þeim degi. Kvaðst hann telja að af hálfu bankans hafi hann sjálfur, Guðný Sigurðardóttir lánastjóri, Davíð Ingi Jónsson lögfræðingur, ákærði Guðmundur Hjaltason og ákærði Lárus Welding komið að málinu. Halldór kvaðst ekki muna ástæðu þess að Vafningur ehf. hafi ekki fengið greitt út lán þennan dag, heldur að lán í formi peningamarkaðsláns hafi verið veitt Milestone ehf. Halldór kvaðst telja að starfsmenn bankans á fyrirtækjasviði hafi ekki getað tekið ákvörðun um að lána Milestone ehf. peningamarkaðslán með þeim hætti er gert hafi verið. Til þess hafi þurft einstakling með svokallað A-umboð, eða að lán hafi verið afgreitt af áhættunefnd bankans. Að því er varði hina svonefndu ádráttarbeiðni kvaðst Halldór kannast við rithönd sína á skjalinu. Hafi hann ritað efst á skjalið að skuldari væri Milestone ehf. og að um væri að ræða peningamarkaðslán yfir nóttu. Þá hafi hann einnig handritað á skjalið á hægri hlið útborgun vegna Vafnings ehf. Einnig hafi hann ritað nýja fjárhæð lánsins ofan í þá sem fyrir var. Annað hafi hann ekki handritað á skjalið. Halldór kvaðst ekki muna hvort hann hafi verið viðstaddur er ákærðu rituðu undir ádráttarbeiðnina. Halldór kvaðst ekki hafa breytt umræddu skjali eftir undirritun ákærðu. Hafi hann ekki tekið upp hjá sjálfum sér að lána Milestone ehf. peningamarkaðslánið. Til þess hafi hann ekki haft heimild eða stöðu. Telji hann líklegast að yfirmaður Halldórs og forstjóri bankans hafi tekið þá ákvörðun. Ádráttarbeiðnin væri ekki venjulegt skjal sem notað væri varðandi peningamarkaðslán. Halldór kvaðst ekki muna eftir útgreiðslu lánsins þennan dag. Þá kvaðst Halldór ekki muna eftir símtali er hann hafi átt við Rúnar Jónsson forstöðumann gjaldeyrismiðlunar bankans kl. 14.50 þennan dag. Kvaðst Halldór telja ólíklegt að einhver tæknileg atriði innan bankans hafi leitt til þess að lán hafi ekki verið greitt til Vafnings ehf. þennan dag. Skýring á því hljóti fremur að tengjast því að einhver skjöl hafi vantað.

Davíð Ingi Jónsson kvaðst hafa starfað sem lögfræðingur á lögfræðisviði Glitnis banka hf. í febrúar 2008. Hafi hann unnið við lögfræðiráðgjöf fyrir bankann. Hafi Hörður Felix Harðarson lögfræðingur verið næsti yfirmaður Davíðs Inga í bankanum í febrúar 2008. Davíð Ingi kvaðst hafa unnið að undirbúningi lánveitingar til Vafnings ehf. í febrúar 2008 með þeim hætti að hann hafi unnið að skjalagerð í málinu. Hafi hann verið fulltrúi lögfræðideildar bankans í þeirri vinnu. Í vinnuhópi við undirbúning að láni til Vafnings ehf. hafi ásamt Davíð Inga verið ákærðu, Halldór Halldórsson viðskiptastjóri og Guðný Sigurðardóttir lánastjóri. Þau skjöl er Davíð Ingi hafi undirbúið hafi verið lánasamningur og veðsetningarskjöl. Þessi skjöl hafi verið búin til á grundvelli samþykktar áhættunefndar bankans og gerð 8. febrúar 2008. Ekki hafi Davíð Ingi verið í samskiptum við fyrirsvarsmenn Milestone ehf. vegna undirbúnings málsins. Davíð Ingi hafi ekki þekkt skilyrði fyrir lánveitingunni önnur en fram komi í láns skjöllum, en áhættustýring bankans og áhættunefnd hafi unnið að málinu. Yfirlögfræðingur bankans hafi setið í áhættunefnd bankans en verið án atkvæðisréttar. Vinna lögfræðideildar bankans hafi tekið mið af því og ráðgjöf við skjalagerð. Davíð Ingi kvaðst telja að hann hafi setið stuttan fund í áhættunefnd. Hafi hann síðan fengið útprentaða niðurstöðu áhættunefndar sem unnið hafi verið eftir. Föstudaginn 8. febrúar 2008 hafi verið í fundarherbergi í Glitni banka hf. að vinna að málinu, auk Davíðs Inga, þau Guðný Sigurðardóttir lánastjóri og Halldór Halldórsson viðskiptastjóri aðallega, auk þess sem ákærði Lárus Welding hafi í tvígang komið inn. Af hálfu Milestone ehf. hafi tekið þátt í fundinum Guðmundur Ólafson framkvæmdastjóri, Jóhannes Sigurðsson aðstoðarforstjóri og Arnar Guðmundsson fjármálastjóri. Skjöl varðandi láns samning hafi verið undirrituð seinni part þessa dags, en í fundarherberginu hafi aðilar verið frá um hádegi til seinni part dags. Hafi Guðný Sigurðardóttir prentað skjölin út fyrir undirritun. Davíð Ingi kvaðst fyrst hafa séð þá ádráttarbeiðni er málið snérist um við yfirheyrslu hjá Embætti sérstaks saksóknara. Hafi Davíð ekki þekkt þörf fyrir umrætt skjal eða hvort slík skjöl væru undirrituð af lánveitanda. Davíð Ingi kvaðst ekkert hafa komið að lánveitingu til Milestone ehf. 8. febrúar 2008 og ekki vita hver hafi tekið ákvörðun um að veita það lán.

Helgi Anton Eiríksson kvaðst hafa verið yfirmaður Evrópustarfsemi Glitnis banka hf. í febrúar 2008. Ákærði, Lárus Welding, hafi verið yfirmaður sinn í bankanum á þeim tíma. Kvaðst Helgi Anton hafa setið í áhættunefnd Glitnis banka hf. í febrúar 2008. Hafi hann setið fund í nefndinni 5. febrúar 2008. Hafi nefndinni borist hið svokallaða lánamál Vafnings ehf. Hafi Helgi Anton ekki þekkt forsögu þess. Þá myndi hann í dag ekki eftir því hvaða hagsmuni bankinn hafi haft af málinu. Áhættunefnd hafi lagt mat á einstök mál út frá því láni sem um ræddi og þeirri áhættu sem því láni fylgdi. Kvaðst Helgi Anton ekki þekkja til þess er Milestone ehf. hafi verið veitt peningamarkaðslán 8. febrúar 2008.

Sverrir Örn Þorvaldsson kvaðst hafa verið ráðinn hjá Glitni banka hf. af framkvæmdastjóra sem hafi verið yfir áhættustýringu bankans, lánaeftirliti, fjármálum og lögfræðisviði. Hafi Sverrir síðar orðið forstöðumaður á sviði áhættustýringar. Í febrúar 2008 hafi Sverrir unnið að málefnum tengdum útlánaáhættu af hálfu bankans og meðal annars setið í áhættunefnd bankans sem fundarritari. Sverrir kvað þá reglu hafa verið viðhafða í áhættunefnd að væru ákvarðanir teknar milli funda er tengdust áhættunefnd, þá væru þær ákvarðanir færðar í fundargerð næsta fundar á eftir. Ekki kvaðst Sverrir kannast við að í

fundargerð áhættunefndar hafi verið fært að Glitnir banki hf. hafi veitt Milestone ehf. peningamarkaðslán 8. febrúar 2008. Kvaðst Sverrir hafa ritað fundargerðir áhættunefndar vegna funda nefndanna dagana 5. og 6. febrúar 2008. Í gögnum nefndarinnar hafi komið fram að heildarútlán Milestone ehf. samstæðunnar hafi numið ríflega 32 milljörðum króna og inni í því hafi verið ábyrgðir og ígildi. Sverrir kvaðst þekkja almennar reglur Glitnis banka hf. um útlán og markaðsáhættur. Undir lið nr. 4 um heimildarmörk kæmi fram í töflu að mörk áhættunefnda skuli tvöfaldast fyrir skuldbindingar sem nemi 20% af vegnu eigin fé og þrefaldast fyrir skuldbindingar með 0% eiginfjárvægi. Með því að vísa í „CAD weight“ væri verið að vísa í reglur fjármálaeftirlitsins og almennar reglur um hvernig mismunandi mótaðilar vegi inn í eigin fjárreikninga bankans. Þannig vísi 20% „CAD weight“ í það að áhættuvog sléttist inn í áhættugrunn væri 20% skuldbindingarinnar þetta afmarki þá tiltekna tegund lántaka og seinni hluti setningarinnar afmarki annan flokk lántaka. Þannig væri vísað til þess að heimildirnar væru ríkari fyrir þá sem falli undir þá flokka sem um væri getið. Þannig gætu sumar tegundir af útlánum, til dæmis skammtímalánveitingar til fjármálafyrirtækja, ekki fengið fullt vægi þegar kæmi að útreikningi á áhættu bankans vegna þeirra. Heimildir áhættunefndar væri því rýmri sem því næmi. Hið svonefnda lánamál hafi haft að geyma yfirlit um stöðu einstakra áhættuskuldbindinga Glitnis banka hf. á félög innan Milestone ehf. samstæðunnar sem væru reiknuð. Þá hafi ekki verið tekið tillit til framangreindra reglna og hugsanlegra frádráttarliða. Taflan, fyrir utan ábyrgðir og svonefnd ígildi, lýsi höfuðstól lánastöðu, eða brúttóstöðu. Sem dæmi mætti nefna að á Avant hf. væri skráð 4.466 milljarðar í stöðu. Þær reglur er lýst hafi verið þýddu að Avant hf. gæti hafa fallið undir að vera fjármálafyrirtæki á þessum tíma og gæti þar með fallið undir 20%. Þannig hafi þurft að skoða ríkari heimildir nefndarinnar t.d. gagnvart Avant hf. Þau hafi getað verið tvöföld sem listuð væru eða deila mætti í brúttóstöðuna með tveimur. Af þessu leiddi að hugsanlega væri meira rými innan 17% marka Milestone ehf. samstæðunnar heldur en miðað væri við. Þetta hafi þó ekki verið gert upp varðandi hvert einstakt mál fyrir áhættunefndinni. Eitt af viðfangsefnum Sverris í bankanum hafi verið samantekt á eiginfjárkröfunni. Sverrir kvaðst einungis hafa þekkt lánveitingu til Vafnings ehf. út frá gögnum er lögð hafi verið fyrir áhættunefnd og út frá umræðu á fundum í nefndinni. Fyrir áhættunefnd hafi legið gögn sem starfsmenn hafi verið búnir að taka saman um hið svonefnda lánamál. Hafi hann ekki þekkt hver hafi átt frumkvæði að því að lána Vafningi ehf. það lán sem hafi verið til meðferðar. Hann hafi ekki þekkt neitt sérstaklega til þeirra hagsmuna er Glitnir banki hf. hafi haft af málinu, þó svo vitað hafi verið að lán til Vafnings ehf. hafi átt að nota til að greiða lán Þáttar International ehf. hjá Morgan Stanley en sá banki hafi átt veð í hlutabréfum í Glitni banka hf. til tryggingar greiðslu lánsins. Í febrúar 2008 hafi staða Glitnis banka hf. verið þannig að útlán hafi verið dregin mikið saman. Hafi tilmæli þar að lútandi verið send út innan bankans. Sverrir Örn kvaðst ekki þekkja ástæðu þess að Milestone ehf. hafi verið veitt peningamarkaðslán föstudaginn 8. febrúar 2008.

Alexander K. Guðmundsson, kvaðst hafa verið fjármálastjóri Glitnis banka hf. frá júní 2007 til maí 2008. Sem slíkur hafi hann borið ábyrgð á þremur einingum innan bankans, þ.e. uppgjöri bankans, fjármögnun og áhættustýringu. Ákærði, Lárus Welding, hafi verið næsti yfirmaður Alexanders. Hafi Alexander átt sæti í áhættunefnd bankans og tekið þátt í afgreiðslu lánamálsins svonefnda 5. og 6. febrúar 2008. Ekki kvaðst Alexander þekkja hvaðan frumkvæði að lánveitingu til Vafnings ehf. hafi komið. Ekki myndi hann í dag hverjir hafi komið að málinu af

hálfu bankans á sínum tíma, en það hafi þó líklega verið Halldór Halldórsson viðskiptastjóri og Guðný Sigurðardóttir lánastjóri. Í fundargerð áhættunefndar 6. febrúar 2008 hafi verið bókað að Alexander myndi athuga hvort innlán hafi komið á móti þessari lánveitingu. Alexander hafi ekki litist vel á að greiða út háa fjárhæð í lán á þessum erfiðu tímum og staða innlána óviss. Að því er varði lán Þáttar International ehf. hjá Morgan Stanley hafi uppgreiðsla á því láni verið skásti kosturinn í stöðunni. Málið hafi tengst Milestone ehf. sem hafi verið stór viðskiptavinur og málið geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir Glitni banka hf. Fundargerðir svonefndrar ALCO nefndar innan bankans hafi legið fyrir. Störf þeirrar nefndar hafi verið mikilvæg fyrir bankann og varðað fjármögnun bankans. Bankinn hafi þurft að hafa ákveðið hlutfall af lausu fé. Hafi Alexander fylgst náíð með því, en bankinn hafi jafnan þurft skammtímafjármögnun. Upplýsingar í fundargerðum ALCO nefndarinnar hafi lýst stöðu bankans varðandi laust fé. Hún hafi verið fremur veik. Sama hafi verið varðandi erlendan gjaldeyri. Hafi Alexander sent yfirmönnum í bankanum tilmæli 24. janúar 2008 um að ráðast ekki í nýjar lánveitingar nema lántaki kæmi með innlán á móti. Alexander kvaðst ekki þekkja til af hverju Milestone ehf. hafi verið veitt peningamarkaðslán 8. febrúar 2008. Þá vissi hann ekki hver hafi tekið ákvörðun um það lán. Slíka ákvörðun hafi hann sjálfur ekki tekið. Alexander kvaðst hafa verið varaformaður áhættunefndar bankans í febrúar 2008. Utan funda hafi tveir úr áhættunefnd, ákærði Lárus Welding eða Alexander, orðið að samþykkja lánveitingu í formi peningamarkaðsláns til Milestone ehf. Alexander kvaðst muna eftir því að hafa um þetta leyti farið með ákærða Lárusi Welding á nokkra fundi í tengslum við stöðu og fjármögnun íslensku bankanna.

Friðfinnur Ragnar Sigurðsson kvaðst hafa verið forstöðumaður í deild sem hafi verið kölluð millibankamarkaðir. Í því hafi falist að vera í samskiptum við starfsmenn erlendra banka og sinna markaðsviðskiptum á gjaldeyrismarkaði, peningamarkaði, auk þess að sjá um daglega lausafjárstýringu bankans. Næsti yfirmaður Friðfinns hafi verið Alexander K. Guðmundsson fjármálastjóri. Þróun á ytri mörkuðum hafi haft áhrif á rekstur banka á Íslandi, en almennt hafi þrengt að mörkuðum. Það hafi haft áhrif á laust fé bankanna, þó svo að langtímafjármögnun hafi gengið vel. Í starfi sínu hafi Friðfinnur setið fundi svonefndrar ALCO nefndar bankans, sem hafi verið nokkurs konar efnahagsnefnd bankans. Skýrslur nefndarinnar frá 19. desember 2007 og 21. janúar 2008 hafi lýst markaðsaðstæðum og erfiðri stöðu. Skuldatryggingarálag hafi farið hækkandi og lítið gengið í skuldabréfaútgáfu á vegum bankans. Halda hafi átt þétt um lausafé bankans og nýjar lánveitingar því ekki verið ákjósanlegar. Friðfinnur myndi ekki sérstaklega eftir lánveitingu til Vafnings ehf. 8. febrúar 2008, en sama hafi örugglega gilt um hana og útlán almennt. Friðfinnur staðfesti að hafa átt símtal við Alexander K. Guðmundsson fjármálastjóra 8. febrúar 2008. Hafi Friðfinnur lýst þeirri skoðun sinni að erfitt væri að lána fé úr bankanum nema fjármagn kæmi á móti. Nettóútlæði hafi átt að vera sem minnst. Svo sem gögn málsins bæru með sér hafi Friðfinnur sennilega farið upp á 5. hæð föstudaginn 8. febrúar 2008 vegna svonefnds lánamáls. Ekki myndi Friðfinnur sérstaklega eftir því í dag. Ekki myndi Friðfinnur hverjir hafi verið þar á fundi. Þá hafi hann ekki þekkt ástæður þess að illa hafi gengið að greiða upp lán Þáttar International ehf. hjá Morgan Stanley. Þá þekkti Friðfinnur ekki ástæðu þess að Milestone ehf. hafi verið veitt peningamarkaðslán 8. febrúar 2008. Ekki hafi hann tekið þá ákvörðun. Friðfinnur kvaðst almennt ekki hafa þurft að samþykkja greiðslu á peningamarkaðslánum. Því hafi þó jafnan verið þannig farið að bankinn hafi verið með lítið laust fé í lok dags,

þar sem því hafi jafnan verið komið í umferð til ávöxtunar. Því hafi sennilega verið leitað til hans seinni part föstudagsins 8. febrúar 2008 til að athuga hvort nægjanlegt erlent fé væri til staðar í bankanum. Þannig hafi hann tengst málinu. Að öðru leyti hafi hann ekki komið að lánveitingunni eða útgreiðslu lánsins. Greiðslur á millibankamarkaði gengju almennt mjög hratt fyrir sig. Þekkti Friðfinnur ekki hve lengi slík greiðsla væri afturkræf.

Rúnar Jónsson kvaðst hafa starfað sem forstöðumaður gjaldeyrismiðlunar Glitnis banka hf. í febrúar 2008. Í því starfi hafi falist að kaupa og selja gjaldeyri og afleiður og sjá um peningamarkaðslán. Rúnar kvaðst ekki hafa komið að undirbúningi lánveitingar til Vafnings ehf. Hann hafi hins vegar séð um útgreiðslu peningamarkaðslánsins til Milestone ehf. á föstudeginum 8. febrúar 2008. Hafi Rúnar greitt út peningamarkaðslán til Milestone ehf. eftir að hafa verið í samskiptum við Halldór Halldórsson viðskiptastjóra Glitnis banka hf. Hafi Rúnar verið miðlari á þessum tíma og setið fyrir framan tölvu sem afgreitt hafi peningamarkaðslánið. Stærri lánveitingar hafi farið fyrir áhættunefnd bankans eða starfsmenn bankans með A-prókúru þurft að samþykkja lán. Þá hafi þurft samþykki fjárstýringar til að eitthvað væri til í sjóði til að senda út. Til að geta greitt peningamarkaðslánið út hafi Friðfinnur þurft að koma fyrir greiðslumörkum í kerfunum og þurft samþykki þeirra sem hefðu prókúru til að samþykkja slíkt lán og staðfestingu frá fjárstýringu á því að unnt væri að greiða lánið út með skömmum fyrirvara. Rúnar kvaðst geta staðfest að hafa sent tölvupóst 8. febrúar 2008 kl. 15.05 ásamt viðhengi til bakvinnslu með greiðslufyrirmælum um hvert ætti að greiða umrætt lán. Á skjalinu hafi verið undirritanir ákærðu og Guðmundar Ólasonar framkvæmdastjóra Milestone ehf. Hafi Rúnar tekið skjalið sem staðfestingu á því að lánið mætti greiða út. Ekki væri um að ræða hefðbundið form fyrir peningamarkaðslán, þar sem í slíkum tilvikum hafi yfirleitt verið stuðst við tölvupósta eða símtöl. Greiðslumörk á Milestone ehf. hafi sennilega ekki verið fyrir hendi í kerfinu og því þurft sérstaka heimild til útgreiðslu. Hafi Rúnar einfaldlega litið á ádráttarbeiðnina sem greiðslufyrirmæli og staðfestingu á greiðslumörkum. Ekki viti Rúnar hver hafi tekið ákvörðun um kjör og skilmála lánsins. Hafi hann sent skjalið í bakvinnslu og sennilega hringt í Berglindi Bragadóttur í bakvinnslu vegna útgreiðslunnar. Eftir útgreiðslu lánsins hafi ekki verið unnt að afturkalla greiðsluna nema með samþykki viðtakanda hennar.

Berglind Bragadóttir kvaðst hafa starfað í bakvinnslu Glitnis banka hf. í febrúar 2008. Hafi hún starfað við uppgjör peningamarkaðslána. Miðlari í bankanum, Rúnar Jónsson, hafi haft samband um kl. 15.00 föstudaginn 8. febrúar 2008. Hafi það verið það fyrsta er hún hafi heyrt af málinu. Hafi Rúnar verið að grennslast fyrir um hvenær væri hægt í síðasta lagi að senda greiðslu út. Hún hafi fljótlega eftir það fengið greiðslufyrirmæli frá Rúnari og sent greiðslu út úr bankanum í samræmi við það. Þennan dag hafi Berglind greitt háa fjárhæð inn á reikning Deutsche Bank, sem hafi verið greiðslubanki Glitnis banka hf. í evrum. Hafi hún fengið staðfestingu að utan um að greiðslan hafi borist og sent þá staðfestingu til Rúnars.

Matthias Björk kvaðst hafa verið fjármálastjóri fyrir Invik AB í febrúar 2008. Hafi Milestone ehf. verið óbeinn eigandi að Moderna og Invik AB og hafi hluti af stjórn félaganna komið frá Íslandi. Gerði Matthias grein fyrir innihaldi tölvupóstsamskipta á milli Matthiasar og Arnar Guðmundssonar fjármálastjóra Milestone ehf. í febrúar 2008.

Sigurður Arngrímsson kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri hjá Morgan Stanley í febrúar 2008. Kvaðst Sigurður hafa verið tengiliður bankans við viðskiptavinum á Íslandi á þessum tíma. Hafi hann því þekkt til láns sem Þáttar International ehf. hafi verið með hjá Morgan Stanley. Í febrúar 2008 hafi fyrirsvarsmenn Morgan Stanley haft áhyggjur af ýmsum lánveitingum bankans. Hafi það ekki verið bundið við Ísland. Hafi bankinn því unnið að því að loka lánnum víða um heim. Staðan á Íslandi almennt hafi þó valdið bankanum áhyggjum. Bankinn hafi ekki haft neitt sérstakt fyrir sér í þessum efnum, en ýmsar upplýsingar er bankinn hafi haft undir höndum þótt benda til að illa gæti farið. Bankinn hafi verið með hlutabréf í Glitni banka hf. sem tryggingu fyrir lánveitingunni til Þáttar International ehf. Hafi sú trygging mestu máli skipt fyrir bankann og því ekki komið til þess að leggja sérstakt mat á hvort félög tengd Milestone ehf. væru slæmir lántakendur eða ekki. Staðan hafi verið þannig að bankinn hafi gefið Þáttar International ehf. frest til föstudagsins 8. febrúar 2008 til að greiða upp lán sitt. Að öðrum kosti hefði lánið verið gjaldfellt og hafist handa við að losa um trygginguna með sölu hlutabréfanna í Glitni banka hf. Kvaðst Sigurður viss um að bankinn hefði ekki umliðið neinn frest í þessu efni, hefði greiðsla ekki skilað sér inn á föstudeginum 8. febrúar. Kvaðst Sigurður hafa verið í sambandi við ýmsa aðila á Íslandi vegna lánveitingarinnar og ákærðu þar á meðal án efa. Hafi hann eflaust tjáð ákærðu að bréfin í Glitni banka hf. yrðu seld. Kvaðst Sigurður muna eftir að hafa fengið staðfestingu þess efnis á föstudeginum að lán Þáttar International ehf. hafi verið greitt upp. Mörg viðskiptasambönd hafi farið illa á þessum tíma. Kvaðst Sigurður muna eftir að hafa tjáð samstarfsmönnum sínum að þessar málalyktir myndu örugglega leiða til þess að frekari samskipti yrðu ekki við Glitni banka hf. Hafi Morgan Stanley þótt þetta allt erfitt þar sem bankar hefðu það að markmiði að greiða fyrir viðskiptavinum sínum.

Karl Wernersson kvaðst hafa verið formaður stjórnar Milestone ehf. í febrúar 2008. Hafi hann átt ráðandi hlut í félaginu eða um 60%. Hafi Karl þekkt til þess að Morgan Stanley áformaði að gjaldfella lán Þáttar International ehf. hjá bankanum í febrúar 2008. Hafi málið meðal annars verið rætt á stjórnarfundum hjá Milestone ehf. og stjórninni verið falið að leysa málið. Málið hafi verið talið tilheyrja samstæðu Milestone ehf. og því verið talið rétt að eigendur Milestone ehf. gæfu forstjóra og aðstoðarforstjóra umboð til að semja við Glitni banka hf. um endurfjármögnun á lánnum Þáttar International ehf. hjá Morgan Stanley. Ekki kvaðst Karl muna hvort ætlunin hafi verið að hið nýja félag, Vafningur ehf. hafi átt að endurspeglja eiginahóp Þáttar International ehf.

Steingrímur Wernersson kvaðst hafa verið eigandi að 40% hlut í Milestone ehf. í febrúar 2008. Hafi Steingrímur séð um hinn svonefnda „lyfjahluta“ Milestone ehf. Steingrímur kvaðst ekki hafa þekkt til þess að Morgan Stanley hafi gjaldfellt lán til Þáttar Internatioanl ehf. Hafi Steingrími, sem minnihlutaeiganda, verið haldið utan við ákvarðanatöku í Milestone ehf. á þessum tíma og hann lítið verið upplýstur um starfsemina.

Guðmundur Ólason kvaðst hafa starfað sem framkvæmdastjóri Milestone ehf. í febrúar 2008. Kvaðst Guðmundur hafa á samstæðugrundvelli fylgst með uppgreiðslu á láni Þáttar International ehf. hjá Morgan Stanley. Lánið hafi verið gjaldfellt þar sem verð hluta í Glitni banka hf. hafi fallið niður fyrir viðmiðunarmörk. Innan Milestone ehf. samstæðunnar hafi verið ræddar ýmsar

hugmyndir að endurfjármögnun þessa láns. Aðdragandi hafi hins vegar ekki verið langur og því ekki gefist mikill tími til aðgerða. Af þeim sökum hafi ekki haft þýðingu að leita til alþjóðlegra bankastofnana þar sem það hafi kallað á mikinn undirbúning í því að kynna stöðu samstæðunnar. Hafi raunhæfasti kosturinn verið að leita til viðskiptabanka Milestone ehf. samstæðunnar á Íslandi, sem hafi verið Glitnir banki hf. Mjög margir starfsmenn Milestone ehf. hafi komið að málinu. Þannig hafi stjórnarformaður, forstjóri, aðstoðarforstjóri og fjármálastjóri unnið að málinu, ásamt öðrum. Glitnir banki hf. hafi ekki verið beittur neinum sérstökum þrýstingi í málinu. Málið hafi verið samstarf á milli samstæðunnar og Glitnis banka hf. og lotið að því að varna því að hlutabréf í Glitni banka hf. yrðu hugsanlega seld, þar sem þau hafi verið trygging Morgan Stanley vegna lánsins. Af hálfu Glitnis banka hf. hafi nokkrir aðilar komið að málinu. Það hafi þó aðallega verið Halldór Halldórsson viðskiptastjóri og ákærðu. Guðmundur kvaðst muna eftir því að á þessum tíma hafi verið til umræðu að innlán frá sænskum banka samstæðunnar myndu renna inn í Glitni banka hf. Ekki hafi það þó verið skilyrði fyrir lánveitingu til Vafnings ehf. að innlánin myndu ganga upp í á móti, þar sem um eðlisóskyld atriði hafi verið að ræða. Fremur hafi verið rætt um að beina innlánnum til Glitnis banka hf. Þau hafi síðan komið í einhverjum pörtum. Örugglega hafi eitthvað verið rætt um bindiskyldu í sambandi við þessi innlán. Það hafi þó ekki verið gert í tengslum við lánveitinguna til Vafnings ehf. Ekki kvaðst Guðmundur muna hvort eitthvað af innlánunum hafi verið komin inn í Glitni banka hf. 8. febrúar 2008. Að því er varðaði lánveitinguna hafi fyrsti kostur í stöðunni verið að Glitnir banki hf. myndi lána Þætti International ehf. fyrir láninu hjá Morgan Stanley. Margir fundir hafi verið haldnir vegna málsins og ýmsar leiðir ræddar. Af hálfu Glitnis banka hf. hafi ákveðnar kröfur verið gerðar varðandi tryggingar, aðrar en hlutabréf í Glitni banka hf. Þá hafi komið upp hugmyndir um að setja eignir í sérstakt félag og einangra þannig lánaáhættuna. Þær eignir sem þá hafi verið til umræðu hafi verið turn í Macau í Kína og Kcaj sjóðurinn í London. Niðurstaða af fundahöldum hafi verið að gera þetta með þeim hætti að stofna Vafning ehf. og setja inn í félagið þessar eignir sem tryggingu. Á þessum forsendum hafi verið unnið að málinu dagana fyrir 8. febrúar 2008. Greiða hafi þurft lánið til Morgan Stanley fyrir kl. 15.00 föstudaginn 8. febrúar. Hafi Guðmundur ásamt Jónnesi Sigurðssyni aðstoðarforstjóra og Arnari Guðmundssyni fjármálastjóra Milestone ehf. komið í Glitni banka hf. þennan dag kl. 13.00 í þeim erindagjörðum að undirrita láns skjöl vegna málsins. Hafi þeir setið í fundarherbergi á fimmtu hæð þar sem gengið hafi verið frá pappírnum vegna lántöku Vafnings ehf. Starfsmenn bankans hafi komið og farið úr fundarherberginu eftir hádegisdögum. Í fundarherberginu hafi fyrirsvarsmenn Milestone ehf. verið til kl. 15.15 til 15.30 þennan dag, er þeir hafi yfirgefið bankann. Láns skjöl þau sem hafi verið undirrituð hafi öll verið undirrituð í bankanum. Sennilega hafi allir þeir er hafi undirritað skjölin ritað undir þau á sama tíma. Hafi Guðmundur því sennilega ritað undir skjölin á sama tíma og ákærðu. Á þessum tíma hafi auk ákærðu verið í fundarherberginu Halldór Halldórsson viðskiptastjóri, Guðný Sigurðardóttir lánastjóri og Davíð Ingi Jónsson lögfræðingur. Er Guðmundur hafi yfirgefið bankann hafi verið búið að ganga frá málinu. Guðmundur kvaðst ekki muna sérstaklega eftir einhverri atburðarás sem hafi verið í gangi um kl. 15.00 í bankanum. Guðmundur staðfesti að hafa ritað undir svonefnda ádráttarbeiðni vegna málsins. Hafi hann talið það skjal vera leiðbeinandi skjal fyrir bankann um hvert lánsfjárhæðina skyldi greiða. Guðmundur kvaðst ekki þekkja ástæðu þess að Glitnir banki hf. hafi veitt Milestone ehf. peningamarkaðslán þennan dag. Sé helst að telja að einhver vandkvæði hafi komið upp sem hafi gert það að verkum að nauðsynlegt hafi þótt að beina láninu í þennan

farveg. Allir þeir er staddir hafi verið í fundarherberginu þennan dag hafi verið með nægjanleg umboð til að mál færi á þennan veg. Ekki hafi verið litið svo á að hverfa ætti frá þeim ráðagerðum að veita Vafningi ehf. lán. Þó svo að Guðmundur myndi atvik ekki væri ekki ósennilegt að einhver vandkvæði hafi komið upp varðandi greiðslu lánsins til Vafnings ehf. og starfsmenn Glitnis banka hf. hafi komið og sagt að lánið þyrfti að setja á Milestone ehf. þar til úr vandkvæðunum hefði verið bætt. Kvaðst Guðmundur staðfesta að undirritun hans væri á ádráttarbeiðninni fyrir hönd lántaka. Þá hafi Guðmundur einnig ritað undir hægri hlið skjalsins vegna innborgunar til Vafnings ehf. Guðmundur kvaðst ekki telja að hann hafi óskað eftir peningamarkaðsláni til Milestone ehf. þennan dag. Vafningur ehf. hafi verið félag tengt Milestone ehf. samstæðunni. Hafi Skeggi ehf. og SJ2 ehf. átt sennilega um 88% í félaginu. Eignir sem Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafi átt hafi verið færðar yfir í Vafning ehf. sem tryggingu gagnvart lánveitingunni. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafi síðan verið dótturfélag Milestone ehf. Það hafi verið búið að færa eignirnar fyrir föstudaginn 8. febrúar 2008. Einungis hafi átt eftir að ganga frá einhverjum pappírnum það varðandi. Hafi Milestone ehf. veitt Vafningi ehf. svokallaða móðurfélagslega blessun.

Jóhannes Sigurðsson kvaðst hafa verið aðstoðarforstjóri Milestone ehf. í febrúar 2008 og yfirmaður lögfræðiskrifstofu Milestone ehf. samstæðunnar. Jóhannes kvaðst hafa þekkt til láns Þáttar International ehf. hjá Morgan Stanley sem hafi verið komið á gjalddaga. Það félag hafi verið í eigu Sjóvá-Almennra trygginga hf. í febrúar 2008. Morgan Stanley hafi átt veð í hlutabréfum í Glitni banka hf. sem tryggingu fyrir lánveitingunni til Þáttar International ehf. Hafi bankinn tilkynnt um gjaldfellingu lánsins. Unnið hafi verið að undirbúningi þess að Vafningur ehf. myndi taka lán hjá Glitni banka hf. til að greiða lánið hjá Morgan Stanley. Til tryggingar hafi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. átt að setja tvær eignir inn í félagið. Fyrirsvarsmenn Milestone ehf. hafi komið í bankann föstudaginn 8. febrúar 2008 til að undirrita lánsskjöl sem búið hafi verið að vinna að. Þá hafi verið gengið frá málinu og skjöl undirrituð. Kvaðst Jóhannes muna eftir því að þá hafi verið útistandandi tiltekið umboð sem hafi þurft. Vafningur ehf. hafi að 75-80% verið í eigu Sjóvá-Almennra trygginga hf. en afgangurinn í eigu félaga tengdum Einari Sveinssyni. Jóhannes kvaðst ekki þekkja ástæðu þess að Milestone ehf. hafi verið veitt peningamarkaðslán föstudaginn 8. febrúar 2008. Þó minnti hann að sennilega hafi lánið verið fært yfir á Milestone ehf. á föstudeginum til að tryggja að umboð þau er átt hafi eftir að koma í hús tengt Vafningi ehf. myndu skila sér. Um hafi verið að ræða umboð er Bjarni Benediktsson hafi verið með fyrir hönd Einars Sveinssonar, en setja hafi átt hlutabréf í Vafningi ehf. að veði fyrir láninu til Glitnis banka hf.

Arnar Guðmundsson kvaðst hafa verið fjármálastjóri Milestone ehf. í febrúar 2008. Arnar kvað forstjóra Milestone ehf. hafa komið að máli við sig og beðið sig um að koma að endurfjármögnun á láni Þáttar International ehf. hjá Morgan Stanley. Vinna við það verkefni hafi byrjað í lok janúar 2008. Á þessum tíma hafi Glitnir banki hf. verið viðskiptabanki Milestone ehf. Arnar kvaðst ekki hafa verið í sambandi við ákærðu vegna málsins heldur tilgreinda starfsmenn Glitnis banka hf. Tekin hafi verið ákvörðun um að stofna nýtt félag sem myndi taka lán hjá Glitni banka hf. Hafi það verið gert til að hafa skuldlaust eða „hreint“ félag. Til tryggingar láninu hafi átt að koma eignir inn í Vafning ehf. sem hafi komið frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Hafi Vafningur ehf. átt að greiða fyrir þær eignir með víkjandi lánnum frá seljanda. Þær eignir hafi átt að vera komnar inn í félagið

áður en lánið yrði greitt út. Kvaðst Arnar ekki hafa vitað annað en að það hafi tekist. Arnar kvaðst hafa farið í Glitni banka hf. föstudaginn 8. febrúar 2008 eftir hádegið þar sem undirrituð hafi verið láns skjöl vegna lánveitingar til Vafnings ehf. Á þeim fundi hafi fyrirsvarsmenn Milestone ehf. og fulltrúar Glitnis banka hf. setið fram eftir degi. Ákærði, Guðmundur Hjaltason, hafi verið á þeim fundi og ákærði, Lárus Welding, komið inn. Fundi hafi lokið á tímabilinu 15.00 til 15.30. Fundurinn hafi eitthvað dregist vegna frágangs skjala. Arnar kvaðst ekki vita ástæðu þess að Milestone ehf. hafi tekið peningamarkaðslán þennan dag. Sennilega hafi einhver vandkvæði komið upp við frágang málsins. Ekki vissi hann hver hafi tekið ákvarðanir um þessi atriði. Milestone ehf. hafi greitt vexti af láni sínu frá föstudegi fram á mánudag. Kvaðst Arnar ekki þekkja hvort Vafningur ehf. hafi greitt Milestone ehf. þá vexti til baka, en eðlilegt hafi verið að félagið eignaðist kröfu á Vafning ehf. vegna þess.

Gunnar Gunnarsson kvaðst hafa starfað sem lögfræðingur hjá Milestone ehf. í febrúar 2008. Hafi hann komið að skjalagerð í tengslum við lánveitingu til Vafnings ehf. Skjölin hafi þó upprunalega væntanlega komið frá Glitni banka hf. Gunnar kvaðst kannast við að tvær eignir hafi átt að renna inn í Vafning ehf., frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., en um hafi verið að ræða turn í Macau í Kína og Kcaj sjóðinn. Hafi Gunnar sennilega komið að skjalagerð í tengslum við turninn í Kína. Gunnar kvaðst telja líklegt að umboð til veðsetningar hlutabréfa í Vafningi ehf. hafi orðið til hjá Gunnari, miðað við gögn málsins, þó svo hann myndi ekki eftir því sérstaklega. Kvaðst Gunnar geta staðfest að hafa sent umboðin áfram til fyrirsvarsmanna Milestone ehf. 12. febrúar 2008 með þeim skilaboðum að þau færu áfram til Glitnis banka hf.

Guðmundur Arason kvaðst hafa starfað hjá Milestone ehf. í febrúar 2008 og hafi hann tekið að sér að sitja í stjórn félagsins SJ-fasteignir ehf. Guðmundur kvaðst ekki hafa þekkt til félagsins Vafningur ehf. í febrúar 2008. Þá kvaðst Guðmundur ekki þekkja skjöl um sölu SJ2 ehf. á Kcaj sjóðnum til Vafnings ehf. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafi átt SJ1 ehf. Guðmundur kvað SJ-fasteignir ehf. hafa selt turn í Macau í Kína til Vafnings ehf. Greiðsla fyrir þá eign hafi komið síðar. Skuldbinding hafi falist í eignarhlutanum í turninum sem hafi reynst erfitt að fjármagna. Til að ljúka byggingu turnsins hafi þurft að reiða fram 70 milljarða bandaríkjadala.

Sigríður Inga Guðmundsdóttir kvaðst hafa starfað sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Sjóvá-Almennra trygginga hf. í febrúar 2008. Vafningur ehf. hafi verið stofnað til að halda utan um tiltekna eignir Sjóvá-Almennra trygginga hf. sem hafi farið illa í bókhaldi félagsins. Um hafi verið að ræða turn í Macau í Kína og Kcaj-sjóð, en sá sjóður hafi tengst tauverslun í London. Komið hafi skilaboð frá Fjármálaeftirlitinu að færa þyrfti þessar eignir í sjálfstætt félag. SJ2 ehf. hafi verið í 100% eigu Sjóvár-Almennra trygginga hf. Hafi hún setið í stjórn félagsins. Sennilega hafi ásamt henni verið í stjórn Guðmundur Ólason framkvæmdastjóri Milestone ehf. og Þór Sigfússon forstjóri Sjóvár-Almennra trygginga hf. SJ-fasteignir ehf. hafi verið dótturfélag Sjóvár-Almennra trygginga hf.

Þór Sigfússon kvaðst hafa verið forstjóri Sjóvár-Almennra trygginga hf. í febrúar 2008. Hafi hann vitað af endurfjármögnun á láni Þáttar International ehf. hjá Morgan Stanley. Hafi hann ekki þekkt til þess hvernig það lán hafi átt að endurfjármagna. Hafi hann þó vitað að stofna hafi átt til Vafning ehf. sem myndi

verða lántaki að láni vegna endurfjármögnunarinnar. Hafi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. átt að eiga félagið að hluta og setja eignir inn í það. Eignir þær er hafi átt að fara inn í Vafning ehf. hafi ekki passað vel inn í tryggingarfélagið og því hentugt að setja þær í sérstakt félag. Hafi Þór verið kynnt málið þannig að Vafningur ehf. yrði dótturfélag Sjóvár-Almennra trygginga hf. Hafi félagið getað endað sem hlutdeildarfélag eða dótturfélag.

Einar Sveinsson kvaðst hafa verið hluthafi í Þætti International ehf. í gegnum félagið Hrómundur ehf., sem ekki hafi þó verið beinn eigandi hluta í Þætti International ehf. heldur í gegnum félögin Fjárfestingarfélagið Mátt ehf., þar sem Einar hafi átt þriðjung, og Skeggja ehf., þar sem Einar hafi átt um 17%. Þáttur International ehf. hafi haldið utan um eignarhlut í hlutabréfum í Glitni banka hf. Milestone ehf. samstæðan hafi átt tæpan helmings hlut í Þætti International ehf., Skeggi ehf. um 39% og Fjárfestingarfélagið Máttur ehf. um 12%. Eina eign Þáttar International ehf. hafi verið hlutabréf í Glitni banka hf. Einar kvaðst hafa vitað til þess að fyrirsvarsmenn Morgan Stanley hafi verið órólegir vegna láns Þáttar International ehf. hjá bankanum þar sem gengi bréfa í Glitni banka hf. hafi lækkað. Hafi Einar frétt af því um mánaðarmótin janúar til febrúar 2008. Ekki hafi Einar tekið þátt í endurfjármögnun láns Þáttar International ehf., en hann hafi verið í útlöndum frá því um mánaðarmótin janúar til febrúar 2008. Ekki kvaðst hann þekkja atvik að baki stofnun Vafnings ehf. Þá hafi hann ekki vitað hvernig eignarhaldi að því félagi hafi verið háttáð. Ekki hafi hann komið að stofnun þess eða setið í stjórn félagsins. Kvaðst hann telja að hluthafar í Vafningi ehf. hafi átt að vera þeir sömu og í Þætti International ehf. Ekki hafi honum verið kunnugt um hvernig tryggingum Glitnis banka hf. hafi verið háttáð gagnvart lánveitingu til Vafnings ehf. Lögfræðingur á vegum Milestone ehf. hafi hringt í Einar 8. febrúar 2008 og tjáð Einari að það vantaði umboð frá Einari til að veðsetja hlutabréf í Vafningi ehf. sem hluta af endurskipulagningu vegna lántöku Vafnings ehf. Einar kvaðst hafa setið í stjórn Sjóvár-Almennra trygginga hf. Ekki hafi hann orðið var við umræðu um eignir félagsins sem hafi verið turn í Macau í Kína og sjóðurinn Kcaj. Einar kvaðst muna eftir því að hafa dagsett umboð til Bjarna Benediktssonar 8. febrúar 2008 til að veðsetja hlutabréfin í Vafningi ehf. Hafi hann í kjölfarið sent umboðið á faxi til Gunnars Gunnarssonar hjá Milestone ehf. Hljóti hann þar af leiðandi að hafa undirritað umboðin þennan sama dag. Kvaðst Einar hafa litið svo á að það hafi fyrst og fremst verið á hendi Milestone ehf. að leysa málefni Þáttar International ehf. Hafi þeir bræður, Benedikt og Einar Sveinssynir, átt um 20% af hlutafé í Þætti International ehf. en Milestone ehf. um 80%.

Bjarni Benediktsson kvaðst hafa fengið umboð frá eigendum Hrómunnda ehf., Hafsilfurs ehf. og BNT hf. til að veðsetja hlutabréf í Vafningi ehf. samkvæmt sérstökum samningi þar um. Stjórnarmenn í þessum félögum hafi verið í útlöndum á þessum tíma og þeir farið þess á leit við Bjarna að hann myndi undirrita veðsamninginn í umboði þessara félaga. Kvaðst Bjarni hafa farið í Glitni banka hf. annað hvort mánudaginn 11. febrúar eða þriðjudag 12. febrúar 2008 og undirritað veðsamninginn.

Eiríkur S. Jóhannesson kvaðst vera forstöðumaður í Glitni hf. Undir umsýslu þeirra eigna er Eiríkur hefði umsjón með heyrðu málefni Vafnings ehf., sem nú bæri heitið Földungur ehf. Væri hann skráður stjórnarmaður í Földungi ehf. Í ársreikningi Földungs ehf. fyrir árið 2011 kæmi fram í skýrslu stjórnar að Steinvirki ehf., dótturfélag Glitnis hf., væri eini hluthafinn. Væri Steinvirki ehf. í

100% eigu Glitnis hf. Á árinu 2009 hafi skilanevnd Glitnis hf. tekið yfir alla eignarhluti í félaginu. Yfirtaka Glitnis hf. á Vafningi ehf., síðar Földungi ehf., hafi farið fram á grundvelli veðsamnings frá 8. febrúar 2008 um veðsetningu hlutabréfa í Vafningi ehf. Gerði Eiríkur grein fyrir einstökum atriðum í ársreikningi fyrir Földung ehf. fyrir árið 2011 og líklegum endurheimtum félagsins miða við eignir þess og skuldir.

Knútur Þórhallsson endurskoðandi staðfesti minnisblað sitt frá 16. nóvember 2012 um mat á áhættu samfara því fyrir Glitni banka hf. að hafa lánað Milestone ehf. peningamarkaðslán 8. febrúar 2008 að fjárhæð 102.162.470,12 evrur. Kvað hann niðurstöðu höfunda minnisblaðsins byggja á viðurkenndum reglum um reikningsskil.

Stefán Hilmarsson bar að ákærði, Guðmundur Hjaltason, hafi hitt Stefán á fundi í höfuðstöðvum Baugs Group hf. föstudaginn 8. febrúar 2008 kl. 15.00. Auk þeirra tveggja hafi verið á þeim fundi Bjarni Jóhannesson frá Glitni banka hf. Á þessum fundi hafi verið til umræðu sú staða að Glitnir banki hf. hafi farið fram á auknar tryggingar frá Baugi Group hf. og hafi verið um átakafund að ræða. Væri Stefáni því fundurinn minnistæður og væri hann því viss um tímasetningar. Bjarni Jóhannesson, fyrrverandi starfsmaður Glitnis banka hf., kvaðst staðfesta að upplýsingar á dskj. nr. 83., 84 og 87 væru réttar.

Fyrir dóminn komu Jón Óttar Ólafsson og Guðmundur Haukur Gunnarsson fyrrverandi lögreglufulltrúar við Embætti sérstaks saksóknara. Gerðu þeir grein fyrir framvindu lögreglurannsóknar málsins og einstökum atriðum tengdum henni. Þá kom fyrir dóminn Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn hjá Embætti sérstaks saksóknara og gerði grein fyrir rannsókn málsins. Einnig komu fyrir dóminn Ragnar Svanur Þórðarson lögreglufulltrúi og Sveinn Ingiberg Magnússon aðstoðaryfirlögregluþjónn, báðir við Embætti sérstaks saksóknara. Gerðu þeir grein fyrir greinargerð um skoðun og greiningu tiltekinna atriða í tilefni af máli þessu, sem frammi liggur á dskj. nr. 41. Björn L. Bergsson hæstaréttarlögmaður gerði einnig grein fyrir sínum þætti í sömu greinargerð, sem og Andrés Þorleifsson saksóknarfulltrúi við Embætti sérstaks saksóknara.

#### *Niðurstaða:*

Ákærðu er gefið að sök að hafa föstudaginn 8. febrúar 2008 samþykkt lánveitingu til Milestone ehf. í formi peningamarkaðsláns að fjárhæð 102.162.470,12 evrur, án trygginga eða ábyrgða og andstætt almennum reglum Glitnis banka hf. um lánveitingar og markaðsáhættu og að hafa með því misnotað aðstöðu sína og stefnt fé Glitnis banka hf. stórfellda hættu. Samkvæmt ákæru er miðað við að lánið hafi átt að endurgreiða mánudaginn 11. febrúar 2008. Milestone ehf. hafi á þessum tíma verið skilgreint í áhættumatsflokk 4, sem falið hafi í sér að ákærðu hafi, sem meðlimir áhættunefndar, einungis getað heimilað lánveitingar til félagasamstæðunnar Milestone ehf. er, ásamt eldri lánnum samstæðunnar, hafi rúmast innan 17% af eigin fé Glitnis banka hf. sem hafi á þeim tíma verið 225,576 milljarðar króna. Með ákvörðun sinni hafi ákærðu farið út fyrir heimildir sínar þannig að heildarlánveitingar félagasamstæðu Milestone hafi farið 4,1 milljarð umfram heimildir. Er brot ákærðu talið varða við 249. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærðu neita báðir sök. Byggja þeir varnir sínar annars vegar á því að þeir hafi ekki tekið ákvörðun um að lána Milestone ehf. umrætt lán föstudaginn 8. febrúar 2008, heldur hafi þeir tekið ákvörðun um að veita Vafningi ehf. lán þennan dag og eingöngu ritað undir lánsskjöl því tengt. Hins vegar byggja þeir varnir sínar á því, verði talið að sannað sé að þeir hafi heimilað umrædda lánveitingu, að ekki séu uppfyllt efnisskilyrði ákvæðis 249. gr. laga nr. 19/1940 til að ákærðu verði sakfelldir fyrir umboðssvik. Að auki er byggt á neyðarrétti og neyðarhjálp.

## A

Að því er fyrri varnarástæðu ákærðu varðar liggur fyrir í málinu áðurlýst skjal, „Notice of Drawing“, sem kallað hefur verið ádráttarbeiðni, en skjal þetta er meðal fylgigagna lánasamnings Vafnings ehf. og Glitnis hf. Er óumdeilt að upprunalegur tilgangur skjalsins var sá að gera lántakanum kleift að virkja lánasamninginn og gefa Glitni hf. nánari fyrirmæli um greiðslu lánsfjárhæðar. Í samræmi við þetta gerir prentað letur skjalsins ráð fyrir því að það sé undirritað fyrir hönd Vafnings ehf. sem lántakanda. Hins vegar er fram komið í málinu að engin þörf var á undirritun starfsmanna Glitnis hf. við venjulega útfyllingu og beitingu skjalsins.

Svo sem áður greinir er handritað efst á skjal þetta „Skuldari, Milestone, kt. [...]“ við hlið þeirrar áritunar kemur fram textinn „Pm lán í EUR over night“. Hefur Halldór Halldórsson, fyrrum viðskiptastjóri í Glitni banka hf., kannast við það fyrir dómi að hafa fært þann texta inn á skjalið. Undir skjalið ritar Guðmundur Ólason fyrir hönd Milestone ehf. Er einnig ljóst að nefndur Guðmundur undirritaði síðar áritun sem bætt hafði verið við skjalið um að greiðslan væri vegna láns Vafnings ehf. mánudaginn 11. febrúar 2008 að heildarfjárhæð 103.718.244 evrur. Neðst á skjalinu, við hlið textans „Samþykkt“, er að finna undirritun beggja ákærðu. Samkvæmt framangreindu verður skjalið, eins og því var breytt, ekki skilið á annan veg en þann að það feli í sér veitingu peningamarkaðsláns til Milestone ehf. að fjárhæð 102.162.470,12 evrur. Svarar sú fjárhæð til þess láns sem ákveðið hafði verið að veita Vafningi ehf. að frádregnum lántökukostnaði. Liggur og fyrir að peningamarkaðslán að þessari fjárhæð var afgreitt til Milestone ehf. síðdegis föstudaginn 8. febrúar 2008 og lánið greitt upp, að viðbættum vöxtum, 11. sama mánaðar.

Ákærðu hafa fyrir dómi kannast við undirritun sína á umrætt skjal. Ákærðu kannast hins vegar ekki við að hafa undirritað áðurgreind fyrirmæli um greiðslu peningamarkaðsláns til Milestone ehf. og staðhæfa að þau hafi verið rituð inn á skjalið, án þeirra samþykkis, eftir að þeir undirrituðu skjalið. Svo sem áður er rakið hefur Halldór Halldórsson, viðskiptastjóri Glitnis banka hf., staðfest að upplýsingar um skuldara og lánategund hafi hann ritað inn á skjalið. Hann hefur hins vegar staðfastlega neitað því að hafa sjálfur tekið ákvörðun um að veita Milestone ehf. peningamarkaðslán umræddan föstudag og vísað til þess að hann hafi hvorki haft stöðu né heimild til að taka ákvörðun um slíka lánveitingu.

Sem fyrr greinir var undirritun ákærðu á umrædda ádráttarbeiðni óþörf við venjulega beitingu skjalsins. Hafa ákærðu engar trúverðugar skýringar gefið á því

hvers vegna undirritun þeirra er að finna á umræddu skjali. Vitnum sem komið hafa fyrir dóm í málinu ber hins vegar saman um að öll láns skjöl vegna Vafningslánsins svokallaða hafi verið undirrituð eftir hádegi föstudaginn 8. febrúar 2008 í fundarherbergi bankans á 5. hæð og allir hlutaðeigandi ritað undir skjölin á svipuðum tíma. Þar á meðal er framburður vitnisins Guðmundar Ólasonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Milestone ehf., sem kannaðist við undirritun sína fyrir hönd þess fyrirtækis. Þá liggur fyrir að skjalið var notað við útgreiðslu peningamarkaðsláns til Milestone ehf. seinni part þessa dags í bakvinnslu bankans. Að síðustu liggur fyrir fyrrgreindur framburður vitnisins Halldórs Halldórssonar svo og framburður annarra starfsmanna Glitnis hf. sem komu að afgreiðslu peningamarkaðslánsins. Að öllu virtu telur dómurinn fráleitt að umræddur Halldór Halldórsson eða aðrir starfsmenn Glitnis banka hf. hafi ákveðið, upp á sitt eindæmi, að veita Milestone ehf. umrætt peningamarkaðslán og breytt skjalinu í þeim tilgangi.

Samkvæmt öllu framangreindu telur dómurinn, gegn neitun ákærðu, sannað að þeir hafi samþykkt lánveitingu til Milestone ehf., í formi peningamarkaðsláns, að fjárhæð 102.162.470,12 evrur.

## B

Samkvæmt 249. gr. laga nr. 19/1940 varðar það fangelsi allt að 2 árum, ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað sem annar maður verður bundinn við eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína. Þyngja má refsingu í allt að 6 ára fangelsi, ef mjög miklar sakir eru. Helsta einkenni umboðssvika er misnotkun á þeim trúnaði sem felst í ákveðinni aðstöðu með fjárhagslegri ráðstöfun í skjóli aðstöðunnar í því skyni að afla sér eða öðrum fjárvinnings á kostnað annarra. Ásetningur þarf að taka til allra þátta verknaðarlýsingar ákvæðisins og auk þess er auðgunarásætningur skilyrði refsínæmis, sbr. 243. gr. laga nr. 19/1940. Umboðssvik eru fullframin við ólögsmæta ráðstöfun fjárverðmæta, svo sem við ólögsmæta samþykkt skuldbindingar fyrir hönd lögaðila. Til að brot sé fullframið nægir að sýna fram á fjártjónshættu án tillits til raunverulegs fjártjóns.

Fyrir liggur að unnið hafði verið að því um nokkurt skeið að veita Vafningi ehf. lán af hálfu Glitnis banka hf. til endurfjármögnunar á láni Þáttar International ehf. hjá fjármálasamsteypunni Morgan Stanley. Samkvæmt ákæru var lán þetta veitt Vafningi ehf. mánudaginn 11. febrúar 2008 og andvirði lánsins notað til að greiða upp peningamarkaðslán Milestone ehf. hjá Glitni banka hf. Samkvæmt mati áhættunefndar Glitnis banka hf., sem hafði það hlutverk með höndum að leggja mat á áhættu tengda mótaðila í viðskiptum, var Milestone ehf. í áhættumatsflokki 4 hjá bankanum. Þá liggur fyrir í gögnum sem lágu fyrir áhættunefnd 5. og 6. febrúar 2008 að heildarskuldbindingar félagasamstæðu Milestone ehf. námu á þeim tíma 32,4 milljörðum króna. Er það í samræmi við framburð beggja ákærðu hér fyrir dómi. Á sölugengi evru 8. febrúar 2008 nam peningamarkaðslán Glitnis banka hf. til Milestone ehf. 10.019.073.445 krónum. Með því að veita Milestone ehf. áðurgreint peningamarkaðslán fór heildarskuldbinding félagasamstæðu Milestone ehf., því úr 32,4 milljörðum króna í 42,4 milljarða króna. Samkvæmt ákæru fól þetta í sér að heildarlánveitingar félagasamstæðu Milestone ehf. urðu 4,1 milljarður

króna umfram heimildir samkvæmt almennum útlánareglum Glitnis banka hf.

Verjendur ákærðu hafa haldið því fram að svigrúm til lánveitinga til félagasamstæðu Milestone ehf. hafi verið meira að teknu tillit til leyfilegra frádráttarliða vegna lána til Askar Capital hf., Avant hf. og Sjóvá-Almennra trygginga hf., svo sem heimilt hafi verið að gera samkvæmt p-lið 4 gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007. Hvað sem þessum staðhæfingum líður verður ekki fram hjá því horft að við meðferð lánamáls Vafnings ehf. hjá Glitni banka hf., meðal annars hjá áhættunefnd bankans 5. og 6. febrúar 2008, var litið svo á að hámark lánveitinga til félagasamstæðu Milestone ehf. næmi 17% af vegnu eigin fé bankans, eða um 38 milljörðum króna. Eru ekki efni til að skýra útlánareglur bankans með öðrum og rýmri hætti en lagður var til grundvallar við þessa meðferð lánamálsins.

Samkvæmt ákæru verður fjártjónshætta Glitnis banka hf., vegna háttsemi ákærðu, rakin til þess að skuldbinding Milestone ehf. hafi verið færð yfir á Vafning ehf. 11. febrúar 2008 og nemi eftirstöðvar þess láns 53.718.244 evrum, sem ekki hafi verið endurheimtar frá Vafningi ehf. Eins og málið liggur fyrir verður ekki á þetta fallist. Því er þannig ekki haldið fram af ákæruvaldinu að Vafningur ehf. hafi fallið undir félagasamstæðu Milestone ehf. eða að lánveitingin 11. febrúar 2008 til Vafnings ehf. hafi verið refsiverð. Eru þannig engin efni til að líta til annarrar háttsemi ákærðu en þeirrar að veita Milestone ehf. peningamarkaðslán frá föstudeginum 8. febrúar 2008 til mánudagsins 11. sama mánaðar.

Við mat á fjártjónshættu vegna háttsemi ákærðu verður að líta til þess að veitingu láns hlýtur, eðli málsins samkvæmt, að fylgja hætta á greiðslufalli. Verður það því ekki metið ákærðu til refsileysis þótt hætta á greiðslufalli Milestone ehf. væri metin lítil að teknu tilliti hins skamma lánstíma og áhættumatsflokknar Milestone ehf. í gögnum Glitnis banka hf.

## C

Í ákæru er miðað við að hin ólögmeta lánveiting til Milestone ehf. föstudaginn 8. febrúar 2008 hafi verið án trygginga eða ábyrgðar. Á þetta verður ekki fallist. Þann dag hafði bankinn allsherjarveð í hlutabréfum í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. að nafnverði 349.999.999 krónur, samkvæmt handveðsyfirlýsingu Milestone ehf. frá 8. febrúar 2008, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og öðrum fjárskuldbindingum Milestone ehf. þá eða síðar við Glitni banka hf. Þá lá fyrir að 28. febrúar 2007 hafði Milestone ehf. gefið út samskonar handveðsyfirlýsingu þar sem hlutabréf SJ2 ehf. í Teymi hf. að nafnvirði 310.186.766 krónur, höfðu verið sett að veði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á fjárskuldbindingum Milestone ehf. þá eða síðar við Glitni banka hf. Þó svo að vafi leiki á um hvort allsherjarveð þessi hafi verið nægjanleg fyrir þeirri viðbótarskuldbindingu sem fólst í lánveitingunni til Milestone ehf. umræddan föstudag liggur engu að síður fyrir að bæði tryggingar og ábyrgðir voru til staðar. Verður vafi um atvik málsins að þessu leyti skýrður ákærðu í hag og því ekki fallist á þennan hluta í verknaðarlýsingu ákæru.

Samkvæmt framansögðu er sannað að ákærðu hafi 8. febrúar 2008 samþykkt að veita Milestone ehf. peningamarkaðslán með ólögmætum hætti að fjárhæð 102.162.470,12 evrur og þannig bakað Glitni banka hf. fjártjónshættu. Með lánveitingunni fóru ákærði, Lárus Welding, sem bankastjóri, og ákærði, Guðmundur Hjaltason, sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis banka hf., út fyrir heimildir sínar í störfum sínum og skuldbundu með þeim Glitni banka hf. með ólögmætum hætti. Misnotuðu ákærðu með þessu aðstöðu sína og gerðust þar með sekir um þá háttsemi sem lýst er refsiverð í 249. gr. laga nr. 19/1940. Sú fjárhæð sem ákærðu samþykktu var veruleg, hvort sem litið er til reksturs Glitnis banka hf. eða almenns mælikvarða. Eins og málið liggur fyrir verður hins vegar lagt til grundvallar að hinu ólögmeta ástandi og fjártjónshættu bankans af völdum ákærðu hafi lokið mánudaginn 11. febrúar 2008 þegar peningamarkaðslánið var greitt upp. Að virtum atvikum málsins og aðstæðum ákærðu fellst dómurinn ekki á að gerðir ákærðu geti réttlæst af neyðarrétti eða neyðarhjálp. Verða ákærðu því sakfelldir fyrir umboðssvik og er háttsemin rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Með hliðsjón af þeim skamma tíma sem hið ólögmeta ástand stóð yfir og takmarkaðri fjártjónshættu, geta sakir ákærðu þó ekki talist miklar, sbr. síðari málslið 249. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði, Lárus Welding, er fæddur í desember 1976. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsivert brot, svo kunnugt sé. Ákærði, Guðmundur Hjaltason, er fæddur í október 1963. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsivert brot, svo kunnugt sé. Við ákvörðun refsingar er til þess að líta að ákærðu leituðust ekki við að afla sjálfum sér beins persónulegs ávinnings með brotum sínum og töldu háttsemina þjóna hagsmunum Glitnis banka hf. og íslenska fjármálakerfinu. Svo sem áður greinir hafa ekki verið færð fyrir því viðhlítandi rök að þessi háttsemi ákærðu hafi út af fyrir sig leitt til fjártjóns fyrir Glitni banka hf. Hins vegar er óhjákvæmilegt að líta til þess að um verulega fjárhagsskuldbindingu var að ræða. Með hliðsjón af þessu er refsing ákærðu beggja ákveðin fangelsi í 9 mánuði, sem að hluta verður bundið skilorði með þeim hætti er í dómsorði nánar greinir.

Ekki hefur annan sakarkostnað leitt af máli þessu en við vörn ákærðu. Við ákvörðun málsvarnarlauna er til þess að líta að mál þetta er mikið að vöxtum í skjallægum gögnum, þó svo ákæra miðist einungis við að ein tiltekin lánveiting til Milestone ehf. hafi verið refsiverð. Þá er jafnframt til þess að líta að ákæra tengir tjón samkvæmt hinni refsiverðu háttsemi ranglega við lánveitingu til Vafnings ehf., sem leitt hefur til þess að vörn ákærðu hefur orðið mun umfangsmeiri en efni stóðu til. Loks er til þess að líta að tveir starfsmenn Embættis sérstaks saksóknara hafa sætt kæru í tengslum við störf sín fyrir skiptastjóra þrotabús Milestone ehf., en verjendum var nauðsynlegt að huga að réttarstöðu ákærðu með hliðsjón af upplýsingum um það efni. Þegar til þessa er litið verður lagt á ákærðu að greiða helming málsvarnarlauna verjenda sinna, en þau greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði. Nema málsvarnarlaun verjanda ákærða, Lárusar Welding, í heildina 10.178.050 krónum en málsvarnarlaun verjanda ákærða, Guðmundar Hjaltasonar, í heildina 9.274.450 krónum. Við ákvörðun málsvarnarlauna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

**D ó m s o r ð :**

Ákærðu, Lárus Welding og Guðmundur Hjaltason, sæti hvor um sig fangelsi í 9 mánuði, en fresta skal fullnustu 6 mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði, Lárus Welding, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Óttars Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 5.089.025 krónur, en 5.089.025 krónur af málsvarnarlaunum verjandans greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði, Guðmundur Hjaltason, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórðar Bogasonar hæstaréttarlögmanns, 4.637.225 krónur, en 4.637.225 krónur af málsvarnarlaunum verjandans greiðist úr ríkissjóði.

Símon Sigvaldason

Skúli Magnússon

Ólafur Ásgeirsson